

LEIKSKÓLINN VINAMINNI SKÓLANÁMSKRÁ



Einkunnarorð leikskólans Vinaminnis:
Leikurinn á vísdom veit.

Gildi:
Virðing, gleði, traust.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 4 |
| 1 Leikskólinn Vinaminni | 4 |
| 1.1 Starfsfólk leikskólans | 4 |
| 2 Uppeldisstefna – Hugmyndarfræði leikskólans | 5 |
| 2.1 Urie Bronfenbrenner | 5 |
| 2.2 Berit Bae..... | 6 |
| 3 Grunnþættir menntunar..... | 10 |
| 4 Markmið leikskólans..... | 12 |
| 5 Málrækt..... | 12 |
| 6 Valkerfið | 18 |
| 6.1 Viðfangsefni á valsvæðunum..... | 19 |
| 7 Ég get það sem ég fæ tækifæri til að gera..... | 23 |
| 8 Leikurinn á vísdom veit | 26 |
| 9 Vísdomsstundir | 30 |
| 10 Skimanir og matslistar | 38 |
| 11 Börn af erlendum uppruna | 39 |
| 12 Skóli fyrir alla. | 39 |
| 13 Sérkennsla..... | 39 |
| 14 Daglegt líf í leikskóla..... | 40 |
| 15 Hefðir og hátíðir..... | 41 |
| 16 Foreldrasamvinna..... | 45 |
| 17 Ýmsir viðburðir á vegum foreldrafélagsins | 47 |
| 18 Samstarf við grunnskóla | 48 |
| 19 Starfsmannahópurinn | 49 |
| 20 Fundir..... | 49 |
| 21 Stuðningur og ráðgjöf | 50 |
| 22 Matsaðferðir | 50 |
| 23 Almennar upplýsingar..... | 51 |

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 1994 og reglugerð við þau lög frá 1995 segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu. Hverjum leikskóla ber að starfa eftir aðalnámskrá leikskóla (1999 endurútgefin 2011) sem er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum. Það er markmið og leiðarljós leikskólans Vinaminnis að í skólanum sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum. Áhersla er lögð á að byggja upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra. Í uppeldisstarfinu í Vinaminni er stuðst við kenningar ýmissa kennimanna og má þar helst nefna Ure Bronfenbrenner, Berit Bae og Piegat. Í leikskólunum starfar vel menntað og áhugasamt starfsfólk sem er mikilvægasta aflið í allri starfsemi skólans.

1 Leikskólinn Vinaminni

Leikskólinn Vinaminni er sjálfstætt starfandi leikskóli sem tók til starfa 14. janúar 1994. Í honum var rými fyrir 47 börn á aldrinum eins árs til sex ára. Haustið 2011 stækkaði leikskólinn og rúmar hann nú 86 börn. Lögð er áhersla á að skapa notalegt andrúmsloft, vellíðan barna og starfsmanna og fjölbreytni í verkefnavali. Leikskólinn er starfandi í u.þ.b. 650 fermetra húsnæði á fyrstu hæð í íbúðarblokk við Asparfell 10-12 í Reykjavík. Húsnæðið skiptist í fjórar deildir, Töfrastein, Völustein, Dvergastein og Álfastein, skála (fataklefa), snyrtingar, bókasafn, smiðju, eldhús, kaffistofu og undirbúningsherbergi sem er jafnframt fundarherbergi og aðstaða fyrir stuðning.

Útileiksvæðið er búið leiktækjum frá Barnasmiðjunni. Aðgengi að leikskólanum er frá Yrsufelli en þar eru nokkur bílastæði borgarinnar og einnig er aðgengi frá Drafnarfelli en þar eru næg bílastæði.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 til kl. 17:00.

1.1 Starfsfólk leikskólans

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskólans og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskólans. Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfi og barnahópnum á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni. Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfi sinnar deildar. Leikskólakennarar hafa yfirumsjón með sérkennslu í samstarfi við leikskólastjóra. Matráður og aðstoðarmaður í eldhúsi sjá um matartilbúning og þvotta. Ræstingarfólk sér um þrif.

Í Vinaminni eru rúmlega 20 stöðugildi fyrir starfsmenn sem starfa með börnunum. Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu. Þær upplýsingar sem starfsmaður fær um börnin og fjölskyldur þeirra eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

2 Uppeldisstefna – Hugmyndarfræði leikskólans

Námskrá leikskólans Vinaminnis mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í Aðalnámskrá leikskóla, af stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi leikskólans og þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótar viðhorf leikskólakennaranna og starf.

Uppeldisstefna leikskólans byggist á kenningum Urie Bronfenbrenner um atferlismótun, samspil einstaklingsins við umhverfi sitt og áhrif þess á námsgetu barna. Ennfremur hugmyndir Berit Bae um þróun sjálfsins út frá samspili barna og fullorðinna í leikskólanum og hugmyndir Piaget um það hvernig börn tileinka sér þekkingu. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum hugmyndum Urie Bronfenbrenner og Beritar Bae.


2.1 Urie Bronfenbrenner

Grundvallarsjónarmið Urie Bronfenbrenner er að einstaklingurinn er afurð af gagnvirku samspili hans við umhverfi sitt. Þetta samspil framkallar ákveðið atferli hjá einstaklingnum. Grunnhugsunin er sú, að einstaklingurinn er í eðli sínu virkur og skapar því umhverfi sitt að nokkru leyti. Samtímis er umhverfið virkt og breytilegt. Þetta leiðir af sér víxlverkun og aðlögun. Eftir víðtækar rannsóknir telur hann sig hafa komist að þeirri niðurstöðu að einstaklingurinn hafi ótrúlega mikla hæfileika til að aðlaga sig að margbreytilegum og ólíkum kröfum. Þetta leiðir til þess að einstaklingurinn bregst ólíkt við í ólíku efnislegu og menningarlegu samhengi. Þannig þarf leikskólakennarinn að vera meðvitaður um þarfir, þroska og vilja hvers og eins barns. Hvernig umhverfið er skipulagt getur skipt grundvallarmáli. Barn getur sýnt neikvæða og uppreisnargjarna hegðum við ákveðnar aðstæður, en verið ljúft og gott og hvers manns hugljúfi við aðrar aðstæður.

Bronfenbrenner hefur sett fram athyglisverða kenningu um hvernig hann sér ytri uppbyggingu umhverfisþátta. Í kenningu sinni setur hann fram hugmyndir um fjögur meginkerfi sem einstaklingurinn er þátttakandi í. Þessi kerfi mynda hringi sem hringast hver utan um annan. Þannig er barnið ekki eingöngu hluti af einu umhverfiskerfi heldur fleiri kerfum sem hvert hefur áhrif á annað.

Bronfenbrenner er mjög upptekinn af því innihaldi sem er í samspili einstaklingsins við umhverfi sitt, hvernig einstaklingurinn upplifir umhverfið og hvernig einstaklingurinn upplifir hlutverk sitt í hinum mismunandi kerfum.

Fjögur megin kerfin eru þessi: smákerfi, miðkerfi, fjarkerfi og heildarkerfi.



Á þessari mynd sést hvernig smákerfin (MICROSYSTEM) eru næst barninu, þ.e. heimilið, leikskólinn, þar er barnið virkur þátttakandi. Þegar tvö eða fleiri smákerfi mynda tengsl verður til nýtt kerfi, Miðkerfi (MESOSYSTEM). Hér er meðal annars átt við samspil á milli heimilis barnsins og leikskólans. Hvernig samskiptum á milli þessara kerfa er háttað getur haft afgerandi áhrif á þroska og líðan barnsins. Fjarkerfi (EXOSYSTEM) er fyrir utan barnið og er kerfi sem samanstendur af aðgerðum, ákvörðunum og tengslum sem barnið er ekki virkur þátttakandi í en getur haft mikil áhrif á þroska þess. Hér getur verið um að ræða vinnustaði foreldra o.s.frv. Þessi þrjú kerfi sem hér hafa verið kynnt mynda kerfi sem Bronfenbrenner velur að nefna heildarkerfi (MACROSYSTEM). Þessi þrjú kerfi eru staðsett innan ákveðinnar menningarheildar. Þar ríkja ákveðin hugmyndafræðileg, fjárhagsleg, söguleg og stjórnmálaleg gildi. Í heildarkerfinu liggja fyrir ákvarðanir um lög og reglur samfélagsins leikskólalög, barnalög, vinnulöggjöf o.s.frv. sem meðal annars hafa áhrif á uppeldisskilyrði barna.

2.2 Berit Bae

Hugmyndir Beritar Bae eiga fyrst og fremst rætur sínar að rekja til gagnvirkniskenninga sem einblína á samspil a.m.k. tveggja einstaklinga þar sem markmiðið er þróun sjálfsins. Sjálf barnsins eða sjálf hins fullorðna þróast fyrst og fremst með jákvæðum hætti með því að ákveðnar forsendur eru fyrir hendi í samspili viðkomandi einstaklinga.

Bae er því upptekin af því hvaða forsendur liggja að baki þróunar sjálfsins og með hvaða hætti starfsfólk leikskóla vinnur að þróun sjálfsins hjá börnunum. Hún hefur einnig skoðað með hvaða hætti þróun sjálfsins hjá hinum fullorðnu gerist en að mati Bae helst þetta í hendur.

Í rannsóknnum sínum telur Bae sig m.a. komast að því að viðhorf, viðmót og öll framkoma starfsmanna í leikskólanum gagnvart börnunum og starfsfélögum skapi forsendur fyrir þróunarmöguleikum þessara aðila.

Bae hefur sett fram nokkur hugtök og verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra hér. Þessi hugtök eru: nálægð, viðurkenning, skilgreiningarvald, ígrundun, tengsl, samspil og að efla samkennd.

Nálægð

Hugtakið nálægð er hægt að skilgreina sem ferli þar sem viðkomandi ákveður að nálgast ákveðinn einstakling eða einstaklinga. Hann vill kynnast honum með opnum huga, viðhorfum hans, hugsunum og löngunum. Hér verður að vera einlægur vilji til nálgunar. Ég verð að vilja kynnast barninu eða samstarfsfélögum og þannig forðast t.d. að mynda mér skoðanir á viðkomandi út frá einhverjum öðrum þáttum heldur en að hafa raunverulega kynnst viðkomandi. Það að vilja vera í nálægð við einhvern skapar forsendur fyrir því að geta viðurkennt viðkomandi.

Viðurkenning

Hugtakið viðurkenning beinist að því að vilja í einlægni stuðla að þroska viðkomandi. Viðurkenning er ein mikilvægasta forsenda þroska sjálfsins. Viðurkenning er grundvölluð á ákveðnu jafnræði. Tengslin eða samspilið getur ekki orðið á jafnræðisgrundvelli ef annar aðilinn í samspilinu lítur á sig sem minni máttar eða æðri hinum og þá verður engin viðurkenning í samspilinu. Viðurkenning hins fullorðna felur í sér að viðhorf hans til barnanna sé að það hafi rétt til sjálfstæðra hugsana. Þetta eru þínar hugsanir, þetta eru svo mínar.

Börn hafa rétt til að hafa eigin reynslu og upplifanir. Hinn fullorðni þarf ekki að samþykkja þær sem réttar en barnið fær leyfi til að hafa sýnar eigin skoðanir og tjá sig um þær án þess að vera niðurlægður. Samspil getur því ekki verið viðurkennandi ef annar aðilinn í samspilinu lítur á sig sem meira virði en hinn eða þann sem alltaf veit hvað hinum er fyrir bestu.

Bae talar um hugtakið staðfestingu. Bae telur að börnin leiti eftir staðfestingu varðandi hegðun sína og gjörðir. Hvernig hinn fullorðni staðfestir gjörðir barnanna í víðum skilningi hefur áhrif á þroskamöguleika barnanna. Staðfestingin tekur til margra þátta og er því ákaflega vandmeðfarin og gefur hinum fullorðna mikið vald til að ákvarða hvað er rétt og hvað er rangt. Enn fremur, hvað er leyfilegt og hvað er ekki leyfilegt. Staðfesting gengur út á samspil milli góðs og ills, þess sem er rétt og þess sem er rangt. Hér er því tekist á um siðferðileg atriði.

Skilgreiningarvald

Skilgreiningarvald vísar til þess að ákveðin persóna t.d. leikskólakennarinn gegnir ákveðinni stöðu og með því að vera í þessari stöðu fær hann vald til að ákvarða um gjörðir barnanna í leikskólanum.

Í kenningum um gagnvirkt samspil eru viðurkennandi tengsl forsenda þróunar sjálfsstjórnar. Því er skilgreiningarvald í þessum skilningi mikilvægur áhrifavaldur í allri mannlegri þróun. Hvernig svörun leikskólakennarans er gagnvart barninu, í orðum og

athöfnum, hverju hann svarar og hverju hann svarar ekki, í því liggur raunverulegt skilgreiningarvald.

Barn er háð þeim viðbrögðum sem það fær frá leikskólakennaranum m.t.t. að byggja upp eigin sjálfmynd. Þetta er „ég í þessum aðstæðum“ „ég í leikskólanum“ „ég í árekstrum við vin minn“.

Að misnota vald og skilgreina einhliða einstaklinga getur valdið því að viðkomandi sem er „minni máttar“ verður bundinn viðkomandi „valdhafa“.

Margt bendir til að leikskólakennarinn sem tileinkar sér slíkt afterli stuðli síður að því að þróa sjálfstætt sjálf heldur miklu frekar vinni hann að því að gera barnið óöruggt og að um bindingu geti orðið að ræða, með neikvæðum formerkjum. Barnið verður ósjálfstætt, hættir að treysta á sjálft sig en treystir þess í stað á leikskólakennarann.

Við notum og/eða misnotum skilgreiningarvald meðvitað og ómeðvitað í öllu samspili. Til að skilgreina hvenær skilgreiningarvaldið veldur tjóni í samspilinu telur Bae að hinn fullorðni þurfi að ígrunda samspilið og aðgreina hugsanir sínar, langanir og ætlanir þannig að viðkomandi viti hvað er mitt og hvað er þitt í samspilinu.

Ígrundun

Til að vera heill í hinu viðurkennandi atferli þarf viðkomandi að gera sér grein fyrir eigin viðbrögðum. Í dagsins önn er oft auðvelt að grípa inn í til dæmis þegar börn eru að gera eitthvað sem ekki er ætlast til að þau geri. Óígrundandi leikskólakennari grípur inn í og dæmir um hvað er rétt og hvað er rangt. Hver hefur á réttu að standa og hver ekki.

Tengsl

Bae telur sig hafa fundið í rannsóknum sínum að það sé alltaf eitthvert annað barn sem fylgist með samskiptum tveggja (fullorðins og barns). Þegar leikskólakennarinn er í leik með barni og önnur börn eru nálægt er oftast a.m.k. eitt af þeim sem hættir í leik sínum, stoppar augnablik og fylgist með því sem fram fer. Bae telur þetta sérstaklega áberandi þegar miklar tilfinningar eru í samspili þessara tveggja.

Við slíkar aðstæður er áhorfandinn að læra um samskipti. Áhorfandinn lærir jafnvel meira af þessum samskiptum en barnið sem er virkt í samspilinu. Það lærir hvað má og hvað má ekki og það lærir hverju það sjálft má búast við af leikskólakennaranum við svipaðar aðstæður. Þannig þarf leikskólakennarinn að vera meðvitaður um að hann er ekki eingöngu að hafa áhrif á barnið sem hann er í virkum samskiptum við heldur er hann einnig samtímis óbeint að hafa áhrif á þróun og þroska hugsanlegra áhorfenda.

Leikskólakennarinn þarf að þjálfra með sér þá færni að mæta því þegar fleiri en eitt barn sækjast eftir athygli hans. Hann verður að vera viðbúinn því að vera truflaður í samskiptum við eitt ákveðið barn og deila athyglinni milli barnsins sem hann er að sinna og þeirra barna sem koma til hans.

Bae telur að það sé grundvallaratriði hvernig leikskólakennaranum tekst að sýna barninu sem kemur viðurkennandi viðmót hvað varðar hvernig viðkomandi barni finnst að hugsað sé um það.

Leikskólakennarinn þarf að mæta slíkri truflun á viðurkennandi hátt með því t.d. að stoppa augnablik og hlusta á vandamálið og gefa viðhlítandi svar og þá munu börnin fara í burtu án neikvæðra tilfinninga, óróleika eða reiði.

Hins vegar valda lítt ígrunduð viðbrögð og lítt viðurkennandi atferli, s.s. að leikskólakennarinn láti í ljós pirring yfir því að vera truflaður og segi að þau verði að bíða

eða tala við annan leikskólakennara, því að börnin upplifa að þeirra tilfinningar og líðan er lítills virði og einungis þeirra vandamál, „öllum er sama um mig“. Slík framkoma hefur þær afleiðingar að börnunum fer að líða illa, þau verða reið og geta byrjað að eyðileggja fyrir öðrum.

Samspil

Við viljum leggja mikla áherslu á að sérhvert barn fái sértæka athygli og að einstaklingurinn og hópurinn sem slíkur spili vel saman þannig að þroskamöguleikar allra verði sem mestir. Við viljum leggja áherslu á að leikur og starf fari saman og að leika sér sé gleðigjafi. Á sama hátt sé það gleðigjafi að taka þátt í margbreytilegu starfi. Þannig viljum við leggja áherslu á að samstarf hafi jákvæð áhrif á félagsandann og þar með félaghæfni barnanna. Hópurinn þarf að vera fyrir einstaklinginn og einstaklingurinn fyrir hópinn. Þetta er ekki alltaf létt og í raun kannski alltaf erfitt.

Að efla samkennd

Að mati Berit Bae kemur samskiptahæfni barna ekki síst fram í hringleikjum og hóp-leikjum hvers konar. Slík verkefni skapa samkennd og hóptilfinningu. Hér skipa viðhorf og gjörðir leikskólakennarans höfuðmáli þar sem það er oft þannig að ekki vilja öll börn vera með eða þá að þau fara ekki eftir reglum.

Bae telur að mismunandi leiðir séu vissulega færar til að efla samkennd við slíkar leikaðstæður. Ein leið er að minna á reglur á leikandi hátt, án þess að gera það leiðréttandi eða að minna á villur.

Við slíkar aðstæður fylgja börn leiknum mun betur eftir án þess að þau verði feimin eða sýni mótþróa. Þegar þetta er mynstrið eru börnin lítið upptekin af því að leiðrétta hvert annað.

Ströng leiðrétting gerir órólegt barn enn órólegra, samtímis því sem börnin í kring taka eftir því að eitthvað er að.

Bae segir að til þess að gæði einkenni hópstarfið verður hinn fullorðni að þjálfa með sér þá færni að fylgjast vel með þroskamöguleikum einstaklinganna sem eru hluti af hópnum. Bae segir að það sé erfitt að skilja það sem gerist í samskiptum milli barns og fullorðins án þess að líta á það sem gerist í samskiptum milli hinna fullorðnu í umhverfinu. Hún telur að óskýr og órugg viðbrögð fullorðinna sín á milli geti orðið til þess að ekki sé hlustað á það sem börnin eru að segja með orðum sínum og athöfnum og þá er illa farið fyrir hinu fagmannlega leikskólauppeldi sem allir leikskólar keppa að.

3 Grunnþættir menntunar

Í aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 segir að grunnþættir menntunar séu *heilbrigði og velferð, sköpun, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og læsi*. Þessir sex grunnþættir menntunar fléttast inn í allt starf leikskólans og mótar með því starfshætti leikskólakennara, námsumhverfi barnanna og á að stuðla að samfellu í skólakerfinu. Leikskólastarfið er í stöðugu endurmati og eru grunnþættir menntunar þar undirstaða námsins.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan barnanna í leikskólanum. Öll börn eiga rétt á sömu aðstöðu til náms heilbrigði og velferðar. Forsenda þess að gleði og áhyggjuleysi sé í skólaumhverfi barnanna er sú að starfsmenn séu glaðir í samskiptum við börnin og sýni þeim virðingu og stuðning. Þannig eiga börnin auðvelt með að temja sér jákvæðni og vellíðan og félagshæfni eykst. Einnig eru hollt mataræði, reglubundinn nægur svefn, hvíld og holl hreyfing undirstöðupættir í skólaskólastarfinu. Það að börnin eigi vini og að þau finni að þau tilheyra barnahópnum eflir heilbrigði og velferð þeirra í leikskólanum.

Sköpun

Sköpun í víðri merkingu snýst um ímyndunarafl barnanna forvitni, áhuga, athygli, leikni þekkingu og innsæi. Ímyndunaraflíð er uppspretta sköpunar sem aðrir þættir sköpunar fléttast inn í, börnin eiga það í hugskoti sínu og geta þroskað það með sér í lífinu. Þar koma rannsóknir, forvitni um hvernig hlutirnir virka og löngun til að vita meira sterkt inn. Í námi barnanna í leikskólanum er myndlistin meðal annars þáttur í sköpun, börnin vinna út frá sínum hugarheimi og áhuga, reynslu og frumleika. Sköpunarferlið hefur þýðingu fyrir börnin og nánasta umhverfi þeirra.

Sjálfbærni

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Landið okkar er mikilvægt okkur mannfólkinu til að geta lifað. Við tökum við landinu af forfeðrum okkar og okkur ber að skila því til næstu kynslóðar í því ástandi sem við tökum við því ef ekki betra. Leikskólakennarar þurfa að kenna börnunum umhverfismennt, að ganga vel um landið okkar og innleiða náttúruvernd og hve dýrmæt land, náttúra, auðlindir og samfélag þess eru fyrir okkur til að lifa af.

Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræðisríki taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Skólar þurfa að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Allir eiga að búa við mannréttindi og geta haft áhrif á líf sitt og samfélag.

Í leikskólanum fá börnin tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri umræðu í daglegum samskiptum sínum við önnur börn og við hina fullorðnu. Þau læra um lýðræði í lýðræði.

Jafnrétti

Jafnrétti byggist á því að allir hafa sama rétt og sömu tækifæri til að þroskast og dafna á eigin forsendum og rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi hver á sinn hátt.

Leikskólakennarar stuðla að því að börnin í leikskólanum þroskist og dafni á sínum hraða og forsendum í gegnum leikinn og útbúa umhverfi sem hæfir hverju aldurs- og þroskastigi fyrir sig þannig að sem bestur árangur náist.

Læsi

Hefðbundið læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Í dag fær læsi nýjan búning í tækninýjungum og breyttu samskiptaumhverfi okkar á afgerandi máta. Í leikskólastarfi fer fram bernskulæsi í gegnum leik barna í daglegum samskiptum þeirra á milli og við hina fullorðnu. Börn lesa í umhverfið, aðstæður og svipbrigði fólks, þau taka þátt í samræðum, sagnalestri, söng virkri hlustun og öllu öðru sem þau upplifa í leikskólanum.

Nám í leik

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluáðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur barnsins er talinn „leikur leikjanna“. Í frjálsum leik skapar barnið leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í leiknum er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölbætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra. Í leik fá börnin hreyfiþörf sinni fullnægt og þau þjálfa hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærast börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Í leik öðlast börnin samkennd og vináttu. Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra þau einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þeirra. Lögð er áhersla á vináttu, samleik og jákvæð samskipti.

Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna.

Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn þurfa að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Leikskólakennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni.

Nám í daglegu lífi í leikskóla

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af

leikskólastarfinu. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

4 Markmið leikskólans

Eins og áður hefur komið fram fléttast grunnþættir menntunar markmið og starfshættir leikskólans saman í öllu starfi skólans.

- *Að börnin fái tækifæri til að taka þátt í merkingarbæru starfi*
- *Að hvetja börnin til sjálfstæðis, sjálfsvitundar og að þau geti þroskast á eigin forsendum í gegnum leikinn*
- *Að efla sköpunarhæfileika barnanna, gagnrýna hugsun og að styrkja þau í að finna lausnir – læsi*
- *Að veita börnunum læsishvetjandi umhverfi og stuðla að góðu íslensku máli*
- *Að styðja börnin í trú á eigin getu og samskipti þeirra einkennist af virðingu og jafnrétti*
- *Að styrkja andlega, líkamlega og félagslega vellíðan barnanna*
- *Að veita börnunum tækifæri til að kynnst náttúru, umhverfi, menningu og samfélagi*
- *Að börnin öðlist hamingju og gleði í leikskólastarfinu og þau finni sig hluta af heild*

Ávallt skal hafa það í huga að börnin eru litlir einstaklingar sem eru að þroskast og dafna. Allt sem þau hafast að í leikskólanum, viðmót og samskipti eflir þau í hinum alhliða þroska og mótar þau til framtíðar. Sú þekking og færni sem þau öðlast á leikskólaárunum örvar þau til dáða í þekkingarleit sinni. Því er mikilvægt að börnin fái að þroskast á eigin forsendum. Jákvæð samskipti eru forsenda virðingar og jafnréttis. Sjálfstæði og félagsfærni veitir börnunum vellíðan og hamingju sem hvetur þau áfram og þau skynja merkingu viðfangsefnanna.

5 Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með því tjá þeir hugsanir sínar og tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Málþroski er hluti af almennum þroska barnanna og segja má að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Með málþroska er átt við málfarslega hæfni, tjáningu og skilning, orðaforða, framburð, setningaskipan og beygingar. Lögð er áherslu á lestur bóka, þulur og söngva og börnin hvött til að tjá sig, tala saman og hlusta á aðra. Enn fremur er lögð áhersla á að tala gott íslenskt mál við börnin.

Á tímum örrar þróunar í tækni – samanber iPad, símar og tölvur – sem nýtist börnum frá unga aldri og er af hinu góða þurfum við fullorðna fólkið að standa vörð um þann hluta málþroskans að tala við börnin og lesa fyrir þau. Við megum ekki gleyma að það mikilvægasta af öllu góðu er að hafa samskipti við börnin. Það þarf að ræða við börn, hlusta á þau, lesa fyrir þau, syngja með þeim, segja þeim hvað hlutirnir heita, ræða við þau um náttúruna og einkenni hennar og hvað hún hefur upp á að bjóða. Við megum ekki gleyma þessum langstærsta þætti í uppeldi barna og setja þau í staðinn fyrir framan tölvuna, iPadinn eða símann til að hinir fullorðnu fái frið.

Markmið:

- *Að börnin nái góðum tókum á íslensku máli til tjáskipta og samræðna*

Læsi í leik

Í lögum um leikskóla segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“ (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er læsi einn af grunnþáttunum en „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“. (Lesið í leik - læsisstefna leikskóla 2013)

Fyrst læra börn orð um fólk og hluti í nánasta umhverfi. Kennarinn þarf að setja orð á hluti í umhverfi barnsins, athafnir, reynslu, upplifun og tilfinningar og fylgja því eftir með fjölbreyttum aðferðum. Flóknari orðaforði verður til m.a. með lestri bóka, fyrst myndabóka og síðan bóka með meiri texta. Táknkerfi texta og mynda síast inn í huga barna þegar lesið er fyrir þau og myndir skoðaðar um leið. Þannig þróast læsi bæði á texta og myndir og skilningur á því að orðaforði í ritmáli er annar og meiri en í talmáli. (Lesið í leik - læsisstefna leikskóla 2013)

Markmið:

- *Að gera alla starfsmenn leikskólans meðvitaða um hvað er læsi og vekja áhuga þeirra á læsi í víðum skilningi*

Leiðir:

Miðla upplýsingum og fræðslu til starfsmanna um læsi í víðum skilningi. Starfsmenn fari á námskeið og ráðstefnur til að afla sér þekkingar um læsi. Umræður og skoðanaskipti um læsi í leikskóla á deildarfundum og starfsmannafundum. Hafa leiðir um læsi sýnilegar fyrir starfsmenn og foreldra.

Markmið:

- *Að auka málskilning, orðaforða og ímyndunarafli, virkja hlustun og tjáningu.*

Leiðir:

Fá börnin til að segja frá og tjá sig. Gefa börnunum tækifæri til að semja sögur. Að börnin fái tækifæri til að lesa í myndirnar sínar og efla þannig ímyndunaraflið. Starfsmenn séu virkir í leiknum með börnunum. Auka málskilning og orðaforða, nota mismunandi orð yfir athafnir og annað, fjölbreytt orðaaval. Vinna myndrænt og leikrænt með þulur, söngva og sögur. Gefa börnunum tækifæri til að hlusta á mismunandi sögur og mismunandi aðferðir til að upplifa sögur á mismunandi hátt. Þjóða börnunum viðfangsefni sem hæfir aldri þeirra og þroska. Að starfsmenn tali skýrt og gott íslenskt mál, stuttar setningar og skýrar.

Markmið:

- *Gefa börnunum tækifæri á að læra að lesa í aðstæður og persónur hver annars*

Leiðir:

Í leiknum, með umræðum. Starfsmenn séu þátttakendur í leik með börnunum. Efla jákvæð samskipti. Vera með börnunum og hjálpa þeim að leysa ágreiningsmál ef þarf.

Markmið:

- *Að gera börnin meðvituð um ritað mál*

Leiðir:

Hafa sýnilegt ritmál fyrir öll börnin í leikskólanum. Skrá tilvitnanir frá börnunum. Skrá frásagnir og sögur barnanna. Opið aðgengi að bókum. Benda á línurnar þegar lesið er fyrir börnin og fylgja lesátt.

LÆM – Læsi allra mál

Skólaárið 2015-2016 fór af stað verkefnið LÆM „Læsi allra mál“. Flestir grunn- og leikskólar í Breiðholti taka þátt í verkefninu. Guðrún Sigursteinsdóttir og Kristín Ármannsdóttir hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts (ÞB) halda utan um það og stýra því. Myndaður var stýrihópur með einum til tveimur fulltrúum úr hverjum skóla auk starfsmanna ÞB. Fulltrúar skólanna sjá um að kynna hugmyndir og starf stýrihópsins inni í skólunum. Ákvarðanir eru teknar á stýrihópsfundum um framgang verkefnisins.

LÆM - Læsi allra mál, miðast við að skoða málþroska allra barna í leikskólanum með snemmtæka íhlutun í huga. Skimanir eru lagðar fyrir öll þriggja til sex ára gömul börn í leikskólanum. Sett var af stað öflugt málörvunarstarf í Vinaminni þar sem námsumhverfi barnanna var eflt. Notalegir bókakrókar eru nú á hverri deild sem börnunum finnst eftir-sóknaverðir og virka hvetjandi. Samverustundum með bókalestri og umræðum var fjölgað og málörvandi spil eru nú meira notuð í daglega starfinu en áður var. Umræðum við börnin og skoðanaskipti í daglegum athöfnum er gefið meira rými auk þess sem starfsmenn eru vakandi yfir að hafa orð á hlutum og athöfnum við börnin. Söngurinn er áfram á sínum stað en hann hefur alltaf haldið velli í starfi skólans og verið vinsæll gleðigjafi.

Bækur – Bókasafn

Bækur eru viskubrunnur og því ómetanlegt að börn geti haft næði til að skoða og lesa bækur af öllum gerðum. Með bókalestri læra börnin um lífríki náttúrunnar, dýra og manna, þau læra að njóta sagnalesturs og ævintýra. Sögur, ævintýri, fræðibækur, þulur og ljóð eru skemmtileg til aflestrar þau eru hluti af arfleifð okkar og börnunum mikilvæg. Þessi fræði efla málþroska, ímyndunarafli og þekkingu barnanna. Bókasafn leikskólans er opið börnunum alla daga. Samverustundir eru á hverjum degi fyrir börn á öllum deildum leikskólans þar sem lesnar eru sögur, þulur og ljóð.



Markmið:

- *Að efla málþroska barnanna*
- *Að kenna börnunum að bera virðingu fyrir bókum*
- *Að börnin fái tækifæri til að kynnastr þulum, ljóðum, ævintýrum og sagnalestri*
- *Að börnin fái innsýn inn í menningu okkar fyrr og nú*

Bókakista

Borgarbókasafn Reykjavíkur lánar bókakistur til leikskólans. Í bókakistunum eru bækur fyrir börn á öllum aldri og bækur á öðrum tungumálum en íslensku. Tilgangur bókakistunnar er sá að foreldrar og börn geti valið saman eina til tvær bækur í einu og tekið með sér til að lesa saman heima. Þegar foreldrar og barn hafa lesið bækurnar skila þau þeim í bókakistuna í leikskólanum og geta tekið aðrar tvær að láni. Bókakistan er mjög vinsæl meðal barna og foreldra og fjölgar gæðastundum foreldra og barna auk þess sem málþroski barnanna eykst.

Markmið:

- *Að hvetja til lesstunda heima*
- *Að efla málþroska barnanna*

Koma með bók/geisladisk að heiman


Lestur bóka er mikilvægur þáttur í starfinu með börnunum. Sögur og frásagnir styrkja málþroska barnanna auk þess að fjöruga ímyndunaraflíð. Á tímum tölva og sjónvarps þar sem börnin fá myndræna atburðarás beint í æð er mikilvægt að þau læri að hlusta á sögu og ímynda sér sjálf söguþráðinn og þau læri að njóta þess. Börnin skiptast á að koma með bók eða geisladisk að heiman í samverustund. Þetta fær börnin til að sýna enn þá meiri áhuga á lestri bóka en ella og þau fara að spyrja meira út í orð og orðatiltæki sem þau skilja ekki og fróðleiksfýsn þeirra eykst. Þau börn sem eiga erfitt með að einbeita sér að hlusta á sögu eiga auðveldara með að hlusta þegar þeirra eigin bók er lesin eða hlustað er á þeirra disk.

Markmið:

- *Að börnin fái tækifæri til að hlusta á sína uppáhaldssögu í hópi vina*
- *Að efla málþroska, einbeitingarhæfni og frásögn barnanna*

Bókaormur

Verkefnið *bókaormur* er læsisátak þar sem lestur bóka er í fyrirrúmi og skilningur, orðaforði og tjáning er í aðalhlutverki. Börnin á Töfrasteini koma með bók að heiman sem lesin er fyrir öll börnin á deildinni og er það barn sem á bókina þá svokallaður bókaormur. Bókaormurinn kemur sér vel fyrir á stól við hlið kennara og byrjar á því að segja frá bókinni sinni. Hann fær svo að sýna myndir og er í aðalhlutverki á meðan á lestri stendur. Spurt er spurninga úr söguþræðinum og orð og orðasambönd útskýrð. Þegar við höfum lesið eina bók bætum við einum hlekk í bókaorminn sem er til sýnis upp á vegg og stækkar og stækkar. Þegar 50. bókin verður lesin höldum við upp á það með óvæntri uppákomu.



Markmið:

- *Að hvetja til lesturs bóka, yndislestrar*
- *Efla hlustun*
- *Efla frásögn*
- *Efla skilning*

Orðahljóð

Orðahljóð er hlustunarspil sem þjálfar tæknilega hlið lestrar, umskráningu/umkóðun sem merkir einfaldlega að breyta hljóðum í bókstafi og stöfum í hljóð. Í spilinu þarf að hlusta vel eftir hljóðum sem orðin á spjaldinu byrja á. Ef fleiri en einn þátttakandi er með sama upphafshljóð þarf að lesa næsta hljóð í orðinu og svo koll af kolli þar til rétt orð er fundið.

Markmið:

- *Þjálfa hljóðavitund*
- *Þjálfa stafakunnáttu*

Orðaspjall

Orðaspjall er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Aðferðin var þróuð í leikskólanum Tjarnarseli í Reykjanesbæ undir stjórn Árdísar H. Jónsdóttur M.Ed., leikskólakennara. Stuðst var við orðakennsluáferð (e. Text talk) sem Isabel L. Beck, Margaret G. McKeown og Linda Kucan þróuðu og kynntu í bók sinni *Bringing words to life* (Beck, McKeown og Kucan, 2002).

Aðferðin var þróuð á grundvelli rannsókna sem sýndu að markviss orðakennsla hafði jákvæð áhrif á lesskilning og skilning á merkingu orða. Hún felst í því að kennarinn les *bók* með börnunum og velur orð úr bókinni til að kenna samkvæmt ákveðnu ferli. Samhliða orðakennslunni er lögð áhersla á að efla málskilning og máltjáningu barnanna með samræðum um sögurnar sem lesnar eru. Kennarinn spyr opinna spurninga sem krefjast þess að börnin ígrundi söguþráðinn vel og hvetur börnin til að leggja orð í belg (Beck o.fl.,2002).

Leikskólabörn læra í gegnum leik og því er mikil áhersla lögð á orðaleiki og leikræna tjáningu í íslenska Orðaspjallinu. Kennarinn velur bók til að lesa með börnunum og orð úr svokölluðu millilagi orðaforðans úr bókinni til að kenna, ræða um og leika með. Hann staldrar lítillaga við orðið þegar að því kemur í sögunni og útskýrir merkingu þess í stuttu máli. Þegar kennarinn hefur lokið lestrinum útskýrir hann orðið rækilega, ræðir merkingu þess og leitast við að nota það í öðru samhengi en gert er í sögunni sjálfri. Jafnframt er afar mikilvægt að hann hvetji börnin til að segja orðið, setja það í setningar og nota í frásögnum (Árdís H. Jónsdóttir, 2013).

Að þessari fyrstu kynningu orðsins lokinni er tilvalið að fara í leiki, til að mynda spurningaleiki um orðið sem og önnur orð sem þegar hafa verið lögð inn. Börnin hafa gaman af að leika orðin hvert fyrir annað, segja orðin upphátt og klappa í takt eða hvað eina sem frjóum kennurum og börnum kemur til hugar (Árdís H. Jónsdóttir, 2013).¹



Tónlist - Söngstundir

Tónlist í leikskólauppeldi barna er dýrmætur þáttur í menningu okkar. Tónlistin er alþjóðlegt tungumál sem allir skilja. Tónlist veitir börnum tækifæri til að þroska með sér næmi fyrir hljóðum og hrynjanda. Að njóta tónlistar, hlusta, hreyfa sig eftir tónlist í dansi og leikrænni tjáningu, læra texta og syngja með tónlistinni veitir börnum tækifæri til túlkunar með líkama og sál. Börnin nota hljóðfæri af öllum gerðum sem gerir þeim kleift að efla með sér frjálsa skapandi tjáningu og túlkun á tónlist. Börn hjala, söngla og syngja af einskærri gleði sem vert er að veita eftirtekt og gefa rými. Við lítum á sönginn sem gleðigjafa og því viljum við leggja áherslu á að börnin syngi mikið og læri lög og texta. Í Vinaminni eru tónlistarstundir með söng og líkamstjáningu einu sinni til tvisvar á dag. Á

¹ Kaflinn Orðaspjall er að mestu fenginn af síðunni: <http://lesvefurinn.hi.is/node/240>

föstudögum að loknum foreldramorgunverði koma öll börn og starfsmenn leikskólans saman í skólastofunni og syngja.

Markmið:

- *Að efla málþroska, tjáningu og gleði í leikskólanum*
- *Að börnin fái tækifæri til að nota hljóðfæri og þroska með sér næmi fyrir hljóðum og hrynjanda*
- *Að efla listrænan, líkamlegan, tilfinninga- og vitsmunalegan þroska hjá börnunum*

Talnaskilningur

Á Töfrasteini er unnið mikið með talnaskilning. Með talnaskilningi er átt við að börnin skilji hvað liggur á bak við tölustafina. Börnin læra fjótt að telja einn, tveir, þrír en vita ekki strax hvað tölurnar standa fyrir. Börnin æfast og læra í framhaldinu að talan fimm stendur fyrir fimm bolta eða fimm skóflur.

Markmið:

- *Að auka talnaskilning barnanna*
- *Að börnin átti sig á því hvað tölustafirnir standa fyrir*

6 Valkerfið

Tveggja og hálf til sex ára gömul börn taka þátt í valkerfi leikskólans þar sem þau velja sér viðfangsefni á sínum forsendum.

Valið er kerfi sem tekur til ytra skipulags leikskólans eða hins ytri ramma leik-umhverfisins. Í raun er hinn frjálsi leikur þungamiðja þess sem þar fer fram. Hugmyndir að baki valkerfinu tengjast m.a. því að útbúa uppeldisumhverfi barnanna þannig að það örvi þau til dáða í þekkingarleit sinni og að umhverfið sé þannig útbúið að fjölbreytileiki sé í leik og verkefnavali. Valkerfið er í raun hinn frjálsi leikur sem byggist á því að efla sjálfstæði barnanna og möguleika þeirra til að ákveða hvað þau vilja gera og með hverjum þau vilja starfa. Þegar börnin velja sjálf viðfangsefni og eru hvött til að taka ábyrgð á eigin vali trúum við því að þau verði virkari og meira skapandi og ánægðari einstaklingar.

Í valkerfinu viljum við gefa börnunum tækifæri á að leika sér í litlum hópum og tryggja jafnframt að alltaf sé einn fullorðinn til staðar fyrir þau. Starfsmenn hafa betri yfirsýn yfir barnahópin á sínu svæði, þeir sjá hvernig leikurinn fer fram og hvernig börnin taka þátt í honum auk þess sem auðveldara er að grípa inn í leikinn ef með þarf. Leikurinn er kjarninn í uppeldi og menntun leikskólabarna, hann er aðaltjáningarform barnsins og kennslutæki þar sem valkerfið er umgjörðin.

Sjálfsprottni leikurinn á heima á hverju valsvæði og það er gert ráð fyrir honum í öllu starfi leikskólans.

Markmið:

- *Að efla sjálfstæði, virkni, ábyrgð, sköpun, hugmyndaflug og læsi barnanna*
- *Að leikurinn sé ráðandi afl í öllu sem börnin taka sér fyrir hendur*
- *Að efla vináttu, samkennd og samskipti meðal barnanna*

6.1 Viðfangsefni á valsvæðunum

Einbeitingarviðfangsefni

Einbeitingarviðfangsefni eru þau verkefni þegar hugur og hönd vinna saman. Þessi verkefni eru börnunum nauðsynleg til að þjálfa fínhyringar, samhæfingu augna og handa og til að þjálfa einbeitingu. Viðfangsefnin eru misjafnlega erfið en börnin fá verkefni við sitt hæfi eftir aldri og þroska.

Helstu einbeitingarviðfangsefni eru myndþrautir (púsluspil) af öllum gerðum. Litlar og stórar perlur sem börnin raða á þar til gerð spjöld og skapa sínar myndir úr. Stórar perlur og kefli til að þræða reimar eða bönd í gegnum. Vinna með leir er góð þjálfun fyrir börnin, yngstu börnin kreista hann og kremja og tutla úr honum litla búta, aðeins eldri börn fara að rúlla leirnum í kúlur eða ræmur og elstu börnin gera fígúrur úr honum. Í regluleikjum og spilum læra börnin að fara eftir fyrirmælum og reglum, þau læra að bíða eftir því að röðin komi að þeim, þau læra þolinmæði, félagsfærni, umburðarlyndi, tillitsemi og virðingu.



Markmið:

- Að börnin öðlist færni í fínhyringum og samhæfingu augna og handa
- Að börnin læri að vera í regluleikjum og spilum og þjálfu með sér alla þá hæfileika sem þarf til að vera með öðrum í þeim leikjum. (sjá ofar)

Hlutverkaleikur – bú – verslun – búningar

Í búinu fer fram stór hluti af fjöldskyldu- og hlutverkaleiknum. Að sjálfsögðu fer hlutverkaleikurinn einnig fram á öðrum valsvæðum úti sem inni.

Í búinu velja börnin sér hlutverk eftir því hvað hver og einn vill gera en reynsla barnsins endurspeglast oft í leiknum. Hinn fullorðni þarf að vera tilbúinn til að vera í hlutverki í búinu allt eftir því hvað börnin vilja gera. Til dæmis þarf hinn fullorðni að geta verið amman sem er veik og lækurinn kemur til að lækna hana og mamman fær tækifæri til að færa henni nauðsynjar eins og mat og kaffi og hlúa að henni eftir bestu getu. Hinn fullorðni þarf að auðga leikinn í búinu án þess að stjórna honum eða ákveða hvað hver á að gera í leiknum.

Í boði er að nota einn til tvo tilboðskassa í einu í búinu og koma börnin sér saman um hvaða kassa skuli velja. Í hverjum tilboðskassa er eitthvað ákveðið t.d. lækniþót í einum kassa, matur og borðbúnaður í öðrum, búningar í þeim þriðja, dúkkur og dúkkuföt í fjórða og svo mætti lengi telja.

Við hliðina á búinu er lítil verslun, börnin skiptast á að afgreiða í versluninni meðan aðrir í búleiknum versla fyrir heimilishaldið í búinu.

Lögð er áhersla á að börnin gangi vel um dótið. Það þarf að gefa sér góðan tíma í tiltekt með börnunum svo þau geti tekið virkan þátt í tiltektinni. Hinn fullorðni kemur þessum skilaboðum til barnanna með því að vera fyrirmynd en ekki með stöðugum umvöndunum þá er hætt við að leikurinn eyðileggist og betur er þá heima setið en af stað farið.



Markmið:

- *Að börnin fái tækifæri til að tjá reynslu sína óþvingað í hlutverkaleiknum*
- *Að börnin læri að virða hvert annað og sýna umburðarlyndi gagnvart leikfélögum*
- *Í hlutverkaleiknum þjálfast börnin í félagslegri færni*

Einingakubbar

Einingakubbarnir eru skemmtilegur og þroskandi efniviður fyrir börn á öllum aldri. Einingakubbarnir eru skapandi efniviður sem veitir börnunum tækifæri til að læra t.d. stærðfræðihugtök eins og stærri, minni, stærsti, helmingi stærri, helmingi minni o.s.frv. Þau læra að flokka, þau læra ummál og þyngd, fegurðarskyn þeirra eflist svo og rúmskyn og félagsfærni.



Yngstu börnin handfjatla kubbana og kanna þá, þau bera kubbana fram og til baka en nota þá ekki til bygginga. Fyrstu byggingarnar eru þannig að börnin mynda að mestu leyti raðir, ýmist láréttar (á gólfinu) eða lóðréttar (hlaða). Mikið er um endurtekningar í þessum fyrstu byggingarmynstrum. Síðan fer að koma brúargerð þ.e. tveir kubbar með bili á milli tengdir saman með þriðja kubbnum. Þá eru girðingar líka fljótlega sjáanlegar í byggingarleikjum með einingakubbana. Þegar börnin hafa náð færni í að byggja með kubbum fara skrautleg mynstur að koma fram. Alls konar samhverfur má sjá og mikla formfegurð. Þessu næst fara börnin að gefa byggingum sínum nafn og þegar enn lengra er komið eru byggingar barnanna oft eftirmyndir eða tákn fyrir raunverulegar byggingar sem þau þekkja. Þá kemur fram rík þörf fyrir að leika þykjustu- og hlutverkaleiki í tengslum við kubbabyggingar. Í Vinaminni eru einingakubbarnir geysivinsælir hjá börnunum og eru mikið notaðir á val tímanum og einnig í hópstarfi.



Markmið:

- *Að börnin öðlist samkennd, læri samvinnu, tillitsemi og læri að bera virðingu fyrir félögunum*
- *Að börnin læri hin ýmsu stærðfræðihugtök, læri að flokka og læri ummál og þyngd*
- *Að efla ímyndunarafl barnanna, fegurðarskyn og rúmshynda með byggingarleiknum*

Smiðja – Myndsköpun

Í smiðjunni fer myndlistarstarfið fram þar sem unnið er með myndsköpun og myndmál á sem fjölbreyttastan máta. Þá er átt við að börnin fái að kynnast mismunandi efniviði, málningu og litum til að vinna með í myndlistinni. Lögð er áhersla á að börnin öðlist færni í því að nota myndmenntina óþvingað til að tjá reynslu sína og það sem liggur þeim á hjarta hverju sinni. Mikilvægt er að samskipt milli starfsmanns og barns sé á þann veg að barnið finni hjá sér vellíðan og hvetjandi andrúmsloft sem örvi það til að halda áfram með verkið og þróa það á sínum forsendum.

Sköpunarþörf barna er mikil og til að koma til móts við þá þörf höfum við í Vinaminni útbúið smiðjuna í miðju húsinu þar sem aðgengi er gott fyrir öll börn leikskólans. Þar er stórt og hjart rými og geta 3-4 börn af þremur deildum komið samtímis í smiðjuna til að vinna í myndlistinni.



Markmið:

- *Að börnin öðlist færni í því að nota myndmenntina til að tjá reynslu sína óþvingað*
- *Að börnin fái tækifæri til að vinna með mismunandi efnivið og skapa eigin verk*

Útivera – Hreyfing

Í Vinaminni er lögð áhersla á að börnin fari út til að efla hreyfifærnina. Í útiverunni geta börnin óhindrað fengið útrás fyrir hreyfiþörf sína. Þar geta þau hlaupið, hoppað, klifrað, rólað og farið í gömlu góðu útileikina.

Þegar veður leyfir fara öll börn leikskólans út einu sinni á dag ýmist fyrir eða eftir hádegi. Þau börn sem eru í hópastarfi fyrir hádegi fara út eftir hádegi og öfugt. Á öðrum tímum, þegar ekki er um hópastarf að ræða, geta börnin að sjálfsögðu líka valið að fara út. Reynslan hefur sýnt að ef börnin taka sjálf ákvörðun um hvort þau vilja vera úti er útiveran jafn áhugaverð og önnur valsvæði. Stuðlað er að því með verkefnavali og virkni starfsfólksins á leikvælinum að gera útiveruna fjölbreytta, skemmtilega og þar af leiðandi eftirsóknarverða. Árstíðirnar, veðráttan og þær aðstæður sem skapast í náttúrunni eru notaðar til að örva börnin til útiveru.



Markmið:

- *Að börnin njóti útiveru og hreyfingar og fái hreyfiþörf sinni fullnægt*
- *Að börnin þjálfí grófhreyfingar sínar*
- *Að börnin læri heiti á mismunandi veðurfari og læri að nota þau orð*
- *Að börnin læri að klæða sig eftir veðri*

Hreyfistundir

Hlutverk leikskóla er að efla alhliða þroska barnanna þar á meðal hreyfiþroska. Með hreyfistundunum erum við að vinna markvisst að því að börnin hreyfi sig reglulega og þjálfhi hina ýmsu vöðva og að þau læri slökun og öndun. Í hreyfistundunum gefst leikskólakennurinum tækifæri til að fylgjast með hreyfigetu barnanna og eru því betur í stakk búnir til þess að grípa inn í ef með þarf.

Hreyfistundir eru einu sinni í viku á hverri deild. Börnunum er skipt í litla hópa og fer einn hópur í senn í skipulagða hreyfistund. Í hreyfistundunum fara börnin í margvíslega hreyfileiki og þrautir sem styrkja vöðva og líkamsstjórn barnanna.

Markmið:

- *Að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna*
- *Að efla grófhreyfingar hjá börnunum*
- *Að efla snerpu, þol, úthald, samhæfingu, jafnvægi og öryggi hjá börnunum*
- *Að börnin læri leiki og þrautir og upplifi gleði og kátínu*
- *Að börnin fái útrás og læri mun á spennu og slökun*
- *Að efla líkamsvitund barnanna*

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru daglegir viðburðir í leikskólanum þegar veður leyfir. Á sumrin eru börnin á Álfasteini dugleg að æfa sig í að labba um nærumhverfi leikskólans. Börnin á Dverga- Völu- og Töfrasteini fara í lengri ferðir t.d. í Elliðaárdalinn og á svæðið milli Efra og Neðra Breiðholts. Í vettvangsferðum fá börnin tækifæri til að fylgjast með breytingum sem verða á náttúrunni á hverri árstíð fyrir sig. Stundum taka þau með sér poka til að tína í það sem þau finna í náttúrunni og finnst áhugavert. Sá efniviður er svo skoðaður nánar þegar þau koma heim í leikskólann. Á vorin og sumrin er spennandi að taka stækkunargler með í vettvangsferðir og rannsaka skordýr, laufblöð, mold og annað sem vekur áhuga barnanna. Í vettvangsferðunum fá börnin tækifæri til að lesa í umhverfið og náttúruna.

Markmið:

- *Að efla hreyfifærni barnanna*
- *Að kenna börnunum mun á hverri árstíð fyrir sig*
- *Að veita börnunum tækifæri til að gera rannsóknir úti í náttúrunni*
- *Að gefa börnunum tækifæri til að lesa í umhverfið og náttúruna*

7 Ég get það sem ég fæ tækifæri til að gera

Eins til tveggja og hálfis árs gömul börn

Mikilvægasti efniviðurinn

Umönnun og daglegar venjur er stór hluti af starfinu með börnum á aldrinum eins til tveggja og hálfis árs. Nálægð við hina fullorðnu, trúnaðartraust og kærleikur ræður þar ríkjum. Að annast börnin af natni, gleði og þolinmæði veitir börnunum vellíðan, traust og

hvatningu. Á þessum aldri vilja börnin gera eins og hinn fullorðni, hann verður fyrirmynd barnanna. Lögð er áhersla á að hinn fullorðni sé þátttakandi í leik barnanna. Það að taka þátt í leikjum ungra barna er mjög krefjandi. Hinn fullorðni þarfnast uppeldis- og kennslufræðilegrar þekkingar. Hann þarf að meta það hvenær hann tekur þátt í leik barnanna og hvenær ekki og hvenær dregur hann sig út úr leiknum. Hvernig ber hann sig að þannig að hann auðgi leikinn en skemmi hann ekki, eða leysi hann upp?



Rannsóknir hafa leitt í ljós að það fer ekki eftir því hversu mikið er til af leikföngum og hversu flott þau eru hve virk börnin eru í leiknum, heldur er það starfsfólkið sem vinnur með þeim sem hefur áhrif á virkni þeirra í leiknum. Starfsfólkið þarf að geta lesið í leik barnanna og skipt út leikföngum/viðfangsefnum þegar leikurinn er kominn á það stig að hann er að fara að leysast upp. Mikilvægasti efniviðurinn er því starfsfólkið sem hefur áhuga og vilja til að starfa með ungum börnum.

Þegar starfsfólk er tilbúið til að viðurkenna þarfir barnanna, tekur þátt í því sem börnin eru að gera og leiðbeinir þeim þá geta þau gert það sem þau langar til. Þau geta t.d. matast sjálf, klætt sig úr skóm og sokkum o.s.frv. með hvatningu hinna fullorðnu. Börnunum er nauðsynlegt að umgangast önnur börn, þau eru mikilvæg fyrir þroska hvert annars og þau þroskast fyrr og betur ef þau umgangast önnur börn. Á þessum aldri leika börn hlið við hlið, þau sækjast eftir nálægð jafnaldra án þess að þau séu að leika sér hvert við annað. Hinn fullorðni getur ýtt undir virkni barnanna og einnig undir hlýjar tilfinningar þeirra.



Máltaka

Á þessum aldri eru börnin að mynda hljóð og reyna að herma eftir því sem hinn fullorðni segir og fara svo að mynda fyrstu orðin. Því er þátttaka starfsmanna í máltöku ungra barna mjög þýðingarmikil. Starfsfólk þarf að vera duglegt að tala við börnin í leiknum, hafa orð á hlutum og athöfnum í daglega starfinu, lesa mikið og syngja.



Leikur ungra barna

Sú leiktegund sem fangar börn á þessum aldri mest eru t.d. formkubbar sem settir eru í gegnum formop á íláti, súlur með misstórum hringjum á, box sem ganga hvert ofan í annað og hægt er að byggja turn úr, hlutverkaleikurinn og útiveran. Hlutverkaleikurinn er sá leikur þar sem börnin eru að tjá reynslu sína og taka hina fullorðnu sterkt til fyrirmyndar. Útiveran er mjög eftirsóknarverð hjá þessum börnum, þetta er oft nýr heimur fyrir þau þar sem þau hafa lítið leikið sér úti áður en þau hófu leikskólagönguna. Myndlist og skapandi starf er ómissandi fyrir þessa litlu einstaklinga. Í byrjun handfjatla þau pensilinn, snerta málninguna og smakka jafnvel á henni, óvart lendir kannski málning á pappírnum. Með endurtekningum og hvatningu frá hinum fullorðnu læra börnin að njóta myndlistarinnar og fara að tjá reynslu sína í myndum sínum.



Að kanna hluti

Eins og fram hefur komið er leikur barna mjög merkilegur og þroskandi og er leið barna til að læra. Ef börn fá viðfangsefni, sem þau hafa áhuga á, starfa þau af eigin hvötum án þess að hinn fullorðni stýri þeim. Þau handfjatla hlutina, skoða þá, setja þá upp í sig og reyna á

allan hátt. Hlutirnir sem börnin fá til að kanna eru ekki venjuleg leikföng úr búð. Þetta eru alls konar hversdagslegir hlutir og ílát sem hafa ólíka lögun og efnivið s.s. stórar dósir og pappahólkar margskonar, lyklar, ullardúskar, rennilásar, sleifar, könglar, skeljar og margt margt fleira. Í gegnum tíðina hafa börn leikið sér með verðlaust efni en hér er á ferðinni sérstök útfærsla á því að nálgast efniviðinn með ákveðinn tilgang í huga. Útbúin er karfa með könnunarviðfangsefnum sem börnin fá, síðan skoða þau hvað í körfunni er og reyna hlutina eins og áður hefur komið fram. Þátttakendur í könnunarleik eru eins til tveggja ára gömul börn.

Markmið:

- *Að börnin fái tækifæri til að þjálfa skynfæri sín með því að setja upp í sig og handleika hluti sem þau hafa áhuga á og velja sjálf gaumgæfilega*
- *Að börnin fái tækifæri til að kanna hluti á margvíslegan hátt eins og t.d. að setja hluti ofan í annan hlut og hvöfva þeim svo úr aftur*
- *Að börnin geti fengið útrás fyrir meðfædda forvitni og notað hæfileikann til að einbeita sér*
- *Að gefa börnunum tækifæri til að starfa af eigin hvötum, sjálf og fyrir sig sjálf, án þess að fullorðnir stýri þeim*
- *Að hafa orð á hlutum og athöfnum og efla þannig máltöku barnanna*

8 Leikurinn á vísdom veit

Tveggja og háfs til fimm ára gömul börn

Auk þess sem þessi börn taka þátt í valkerfinu sem er hinn „frjálsi leikur“ fara þau í hópavinnu/stöðvavinnu, flæði og hópastarf.

Hópavinna/stöðvavinna

Á Dvergasteini og Völusteini fara börnin í hópavinnu og er það starf undirbúningur fyrir hópastarfið. Í hópavinnu er lögð áhersla á að börnin vinna í litlum hópum að viðfangsefnum sem hentar þeirra aldri og getu. Oftast er hópavinna útfærð þannig að nokkrar stöðvar eru settar upp á deildinni og hver hópur fer svo til skiptist á stöðvarnar og vinnur í 10-20 mínútur á hverri stöð allt eftir úthaldi og aldri barnanna. Stundum er hópavinnan útfærð þannig að hver starfsmaður er með sinn barnahóp og barnahópurinn og kennarinn ákveða hvað þau gera. Einn hópurinn ákveður t.d. að fara út í vettvangsferð, annar hópurinn fer í smiðju, þriðji í dúkkuleik, kubbaleik o.s.frv.

Í stöðvavinnunni er séð til þess að borð- og gólfvinna sé til skiptis t.d. perla við borð, einingakubbar, spil, hreyfing, dúpló o.s.frv. Með því að skiptast á gólf og borðvinnu sjáum við til þess að öll börnin lenda einhvern tíman á viðfangsefni sem þeim finnst skemmtileg en einnig þurfa þau að vinna verkefni sem þeim finnst ekki eins áhugaverð. Fyrst á haustin eru börnin aðeins í 10 mínútur á hverri stöð en smám saman lengist úthald og einbeiting barnanna og þá er hægt að lengja tímann smátt og smátt upp í allt að 20 mínútur. Mikil áhersla er lögð á málörvun, samvinnu, samskipti og frásögn í þessum stundum. Hver kennari einbeitir sér algjörlega að sínum barnahópi og ber ábyrgð á að halda athygli hópsins við viðfangsefnið hverju sinni. Kennarinn þarf allan tímann að hafa

athyglin á barnahópnum og kenna börnunum spilareglur, hvernig á að nota viðfangsefni, að skiptast á, að deila með öðrum, tala, útskýra, hlusta og taka þátt í leiknum.



Flæði

Þegar flæði er á deildunum eru leiksvæðin opin en hvert leiksvæði er með ákveðin viðfangsefni og ákveðinn fjöldi barna getur verið á hverju leiksvæði í einu. Börnin geta fært sig á milli leiksvæðanna eins og þau vilja á meðan laus pláss eru. Kennarar eru til staðar á öllum leiksvæðum og aðstoða börnin en taka ekki beinan þátt í leik barnanna nema þess þurfi. Reynslan hefur sýnt að þegar börnin taka þátt í flæðinu skapast oft mjög rólegt andrúmsloft og flottur þroskandi leikur er í gangi þar sem mikil samskipti eiga sér stað bæði milli barnanna og einnig milli barna og starfsmanna. Þar sem starfsfólkið tekur ekki beinan þátt í leiknum með börnunum býðst oft upp á samræður við eitt barn í einu eða fá börn án þess að það trufla leik hinna barnanna.

Stundum er sett upp flæði milli tveggja deilda og á dögum eins og „degi leikskólans“, á „alþjóðlega bangsadeginum“ o.s.frv. er flæði um allan leikskólann og geta börnin þá farið á milli leiksvæða á öllum deildum skólans og blandast börnin þá í öllum skólanum.

Hópastarf

Börn fara í hópastarf einu sinni í viku þar sem unnið er markvisst í þematengdu starfi. Þemað er valið fyrir leikskólaárið á Völusteini. Mismunandi er hversu þemaáætlun er fyrirfram skipulögð og oftast þróast verkefni eftir áhuga barnanna og ýmsu því sem kemur upp, þau fá að uppgötva, upplifa, þreifa, sjá og finna. Í hópastarfinu fá börnin tækifæri til að vinna í fámennum hópi jafnaldra.

Markmið með hópastarfinu:

- *Að efla málþroska, hvetja börnin til að segja frá*
- *Að þjálfva börnin í að vera saman í hóp*
- *Að læra að taka tillit hvert til annars og hlusta hvert á annað*
- *Að efla vináttu hvers til annars*
- *Að efla sjálfsbjargarviðleitni þannig að börnin geti bjargað sér*
- *Að börnin læri að samnýta áhöld og rétti hvert öðru*



Á Töfrasteini ákveða börnin þemað sjálf. Þau vinna eftir könnunaraðferðinni og unnið er með efnið/þemað á margbreytilegan hátt. Börnin læra að nota öll skilningarvit og vinnuaðferðir við að nálgast viðfangsefnið og unnið er að margvíslegum sameiginlegum verkefnum.

Könnunaraðferðin

Könnunaraðferðinni er skipt upp í þrjú stig, upphaf, miðju og endi.

1. stig: Viðfangsefnið er afmarkað. Kennarinn ræðir við börnin um rannsóknarefnið til að komast að því hvaða reynslu þau hafi og hvað þau viti um efnið. Áhugi barnanna á viðfangsefninu er vakinn með umræðum og þankahríð. Þau segja frá reynslu sinni og sýna um leið hvaða skilning þau leggja í hugtök sem koma fram. Hugmyndir barnanna sem fram koma í umræðum eru skrifaðar niður og tengdar saman í vef. Bréf um verkefnið er sent heim til foreldra og þeir hvattir til að ræða um rannsóknarverkefnið við börnin og deila með þeim því sem við kemur efninu og upplifunum þeirra.

2. stig: Á þessu stigi fer rannsóknarvinnan fram. Börnin leita svara, athuga, skrá og ræða um verkefnið. Einnig fá börnin tækifæri til að fara í vettvangsferðir og því er jafnvel komið í kring að þau geti talað við sérfræðinga um efnið. Kennarinn leggur til heimildir sem auðvelda börnunum rannsóknarvinnuna t.d. bækur og hluti sem tengjast viðfangsefninu. Hlutverk kennarans er að skipuleggja verkefnið og leiða það áfram á forsendum barnanna og hjálpa þeim að framkvæma það sem þau vilja gera. Kennarinn þarf að vera vakandi fyrir spurningum þeirra, ræða þær hugmyndir sem koma upp og setja fram tilgátu um það sem verið er að athuga. Kennarinn þarf sem sagt að leiða verkefnið, hvetja börnin áfram, styðja þau og fá þau til að nýta þá þekkingu sem þau búa yfir
3. stig: Endurskoðun og mat fer fram á þessu stigi. Þá eru ákveðnir þættir valdir til kynningar fyrir aðra í leikskólanum og jafnvel foreldra. Lokahönd er lögð á verkefnið og kennarinn aðstoðar börnin við að velja efni til kynningar. Mikilvægt er að þau fái tækifæri til að koma hugmyndum og vinnu sinni á framfæri

Þegar könnunaraðferðin er notuð er mikilvægt að hafa í huga námssvið leikskóla samkvæmt námskrá hvað varðar hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru, umhverfi, samfélag og menningu og flétta þau inn í vinnuna.

Í leikskólanum er mikið unnið með samskipti og félagslega færni. Könnunaraðferðin er góð leið til að styrkja þessa þætti s.s. með hópavinnu, samræðum, að deila upplýsingum og reynslu og komast að samkomulagi. Félagssleg færni gengur m.a. út á að læra að gefa og þiggja, eiga vini, eiga samskipti við aðra og læra að skilja orsök og afleiðingu. Á meðan á vinnu verkefnisins stendur hefur liðan barnsins mikil áhrif á hvernig til tekst, þess vegna er mikilvægt að verkefnið höfði til barnanna. Börnin þurfa að læra að takast á við bæði velgengni og mistök og geta greint frá tilfinningum sínum.

Hlutverk kennarans er að skipuleggja og leiða verkefnið áfram á forsendum barnanna. Það er hægt að vinna eftir þessari aðferð með stóran eða lítinn hóp barna í lengri eða skemmri tíma.

Markmið:

- *Markmið könnunaraðferðarinnar er að þroska huga ungra barna og þá er ekki einungis verið að tala um hæfni og þekkingu heldur einnig um tilfinningalega, siðferðilega og fagurfræðilega þætti*
- *Þá er markmið könnunaraðferðarinnar að efla áhuga leikskólabarna á félagslegu og menningarlegu umhverfi sínu. Einnig að auka tengsl barnanna við sína heimabyggð, náttúru, menningu hennar og sögu. Að þau verði virk og vakandi fyrir fjölbreytileika umhverfisins og að börnin læri að endurskapa reynslu sína. Ef vel er að málum staðið og unnið með félagslegt, náttúrulegt og menningarlegt umhverfi tengjast börnin betur sínu nánasta umhverfi og öðlast öryggi og betri fótfestu. Það er kennarans að vekja börnin til vitundar um náttúruna og nánasta umhverfi sitt.*

Umsjónarmaður

Umsjónarmaður kallast það þegar börnin skiptast á að hjálpa til við að undirbúa hádegisverðinn og síðdegishressinguna. Það er ábyrgðarhlutverk að ná í matarvagninn að eldhúsinu í fylgd fullorðins, leggja á borð og setja matarílát og áhöld á borðin.

Markmið:

- *Að börnin fái að taka þátt í daglegum störfum (eins og að leggja á borð)*
- *Að börnin fái ábyrgðarhlutverk*

9 Vísdomsstundir

Fimm til sex ára gömul börn.

Vísdomsstundastarf kallast það nám sem elstu börn skólans eru að vinna að og er undirbúningur fyrir áframhaldandi skólagöngu þ.e. grunnskólann.

Alstund

Alstund er í byrjun dags og fyrsta sameiginlega stund dagsins. Börn og starfsmenn á Töfrasteini setjast saman og farið er yfir hvernig dagurinn verður, hverjir eru mættir og hverja vantar. Það er gott fyrir börnin að vita strax í byrjun dags hvort vinurinn kemur eða ekki, eins er gott fyrir börnin að vita hvaða starfsmenn deildarinnar eru komnir til vinnu. Myndrænt dagskipulag er sett upp með börnunum í alstundinni svo þau viti hvernig dagurinn líður. Það eykur öryggi og sjálfstraust hjá börnunum að vita nákvæmlega hvað er næst á dagskrá í skólastarfinu. Ef barn er óöruggt með hvað það er að fara að gera „næst“ getur það alltaf skoðað myndræna dagskipulagið.

Markmið:

- *Að auka öryggi og vellíðan hjá börnunum með því að þau fái upplýsingar í byrjun dags um það hvernig dagurinn verður og hverjir eru mættir til leiks og starfa.*

Vísdomsstundir

Á síðasta leikskólaári fara börnin í vísdomsstundir sem eru tvisvar í viku frá kl. 09:00 til 11:45. Unnið er markvisst að undirbúningi fimm ára barna fyrir áframhaldandi skólagöngu og brúað bilið milli leik- og grunnskólans. Fimm ára börn þurfa á því að halda að fá annars konar viðfangsefni, meira krefjandi og fá tækifæri til að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn.

Í vísdomsstundum er unnið að ákveðnu þema. Það eru ekki fastmótaðar hugmyndir um hvernig þemað er útfært yfir veturinn heldur ræður frumkvæði og áhugi einstaklinganna og hópsins sem heild þar um. Lögð er áhersla á að skapa skemmtilegt og uppbyggilegt starf í gegnum leik þar sem þjálfuð er upp margskonar færni s.s. rökhugsun, tjáskipti og reglusemi. Vettvangsferðir er stór þáttur í starfinu í Vísdomsstundum og farið er með börnin á staði sem tengjast þemanu hverju sinni.

Í upphafi vetrar og áður en þemavinnan fer af stað er vináttan tekin fyrir, hvernig eru góðir vinir, hvernig hjálpum við vinum okkar sem er strítt og þeim líður illa, hvernig hjálpar góður vinur okkur ef okkur er strítt o.s.frv.

Mikið er unnið með læsi og talnaskilning í Vísdomsstundunum. Börnin merkja verkin sín sjálf með nafninu sínu. Þau eru áhugasöm og vilja síðan skrifa nöfn hvert annars og margt annað. Í leikskólanum eru rituð orð á hlutum og hengd upp þar sem við á. Til dæmis þar sem hangir klukka á vegg þá stendur „klukka“ undir henni, hilla, þá stendur „hilla“ o.s.frv. Þá geta börnin sem hafa áhuga á rituðu máli nýtt sér þessi orð og lært hvernig þau eru skrifuð.



Í upphafi hvernar stundar er umræða um hin ýmsu málefni sem liggur börnunum á hjarta. Þá skrifar leikskólakennarinn eina setningu frá hverju barni á flettistöflu. Þegar allir hafa tjáð sig og allir eiga setningu í textanum er textinn lesinn sameiginlega yfir og geymdur til næstu stundar. Í næstu stund er textinn lesinn aftur yfir og rifjað upp hvað var gert í síðustu stund. Leikið er með textann á ýmsa lund t.d. draga börnin orð úr orðabunka og reyna að finna eins orð í textanum. Að sjálfsgöðu sér kennarinn um að aðeins sé hægt að draga orð sem eru í textanum þeirra. Þessi leikur með orð og texta eflir börnin í hljóðum stafanna og lesskilningi. Ýmis spil og talnaþrautir eru einnig í boði fyrir börnin en leikskólinn er mjög ríkur af stafakubbum, stafaspilum og öðru sem tengist talna- og bókstafaskilningi barnanna. Unnið er með hljóðkerfisvitundina, rím, samstöfur, samsett og margræð orð. Tvö til þrjú börn á hverju skólaári eru orðin læs að vori.



Leiklist

Reynsla hefur sýnt að leiklist í leikskólastarfinu er mjög áhugaverð og skapandi fyrir börnin og áhugi þeirra fyrir leiklist er mjög mikill. Börnin semja sitt eigið ævintýri og myndskreyta söguna sem síðan er bundin í bók. Börnin fá tækifæri til að gefa hugmyndaflugi sínu lausan tauminn og láta heimspekilegar hugsanir sínar í ljós, þau fá tækifæri til að skapa, túlka og tjá eigin hugmyndir og vinna saman að lausn verkefnisins. Leiklist stuðlar að sjálfstæði barnanna og leiðir til jákvæðrar reynslu. Börnin fara inn í ímyndaðan heim og takast á við hlutverk, þau lifa sig inn í aðstæður og verða að taka sjálfstæðar ákvarðanir og bera ábyrgð. Áhugi barnanna og gleði yfir viðfangsefnunum í leiklistarstarfinu eru svo mikill að unun er að sjá. Það er mikilvægt að elstu börnin í leikskólanum hafi sérstöðu í leikskólastarfinu og finni að þau geta gert áhugaverða og eftirsóknarverða hluti á sínum forsendum.

Samvinnuverkefni af þessu tagi eflir börnin í lýðræðislegum vinnubrögðum og ef ágreiningur kemur upp í barnahópnum er efnt til kosninga og meirihlutinn ræður og allir eru sáttir.



Börnin setja söguna á svið, þau velja sér hlutverk, sníða og sauma leikbúninga og gera leikmynd. Þetta er mikil vinna sem stendur nánast alla vorönnina.

Þegar æfingar hefjast er mikil eftirvænting í barnahópnum. Þau þurfa að viðá að sér ýmiss konar fylgihlutum til að gera leikritið tilkomumeira eða búa þá hreinlega til sjálf. Þetta hefst allt með samvinnu barnanna og góðum stuðningi leikskólakennaranna. Þegar hér er komið sögu er fátt annað eftir en að sýna afrakstur þessarar miklu, skemmtilegu og lærdómsríku vinnu barnanna.



Komin í búningana og tilbúin að leika, bíða eftir að mamma og pabbi komi

Einn föstudag að vori gista börnin í leikskólanum. Áður en gengið er til náða er leikmyndin sett upp og síðasta æfingin fer fram. Mikil gleði ríkir í barnahópnum, tilhlökkun og eftirvænting því morguninn eftir, laugardag er vísdómsstundunum slitið. Foreldrar, afar, ömmur og systkini barnanna mæta kl. 10:00 í leikskólann og horfa á börnin sýna leikritið. Síðan eru formleg vísdómsstundaslit þar sem börnin fá afhent eintak af sögunni sem er eftir þau sjálf, viðurkenningarskjal fyrir þátttöku í vísdómsstundum yfir skólaárið og fallega sumarlega rós í barminn. Börnin bjóða foreldrum sínum og öðrum gestum upp á veitingar í tilefni þessara merku tímamóta í lífi þeirra „fyrstu útskriftarinnar“. Börn og foreldrar eru mjög ánægð með þennan viðburð og eru foreldrar sammála um að þetta sé skemmtileg og notaleg stund þar sem allir fá að njóta sín.



Við skólasliti, allir að útskrifast

Markmið með vísdomsstundunum:

- *Að börnin þjálfist í að hlusta hvert á annað, bera virðingu fyrir skoðunum hvert annars og setja sig í annarra spor*
- *Að börnin þjálfist í að hjálpa hvert öðru*
- *Að börnin öðlist dýpri skilning á hinum ýmsu hugtökum sem þau eru upptekin af, læsi*
- *Að stuðla að því að leikurinn sé ráðandi afl í þeim verkefnum sem börnin taka sér fyrir hendur*
- *Vettvangsferðir eru stór þáttur í vísdomsstundunum*

Tölvur/ipad

Hin hraða þróun tækni og vísinda gerir það að verkum að börn þurfa að kunna að afla sér þekkingar og fræðslu á internetinu. Forvitni barna eflist og fróðleiksfýsn eykst með því að finna áhugaverð efni til að kljást við. Tölvur eru í boði í Vísdomsstundum fyrir fimm til sex ára gömul börn. Börnin geta tvö í einu spreytt sig á tölvuvinnu. Þau skiptast á að stýra viðfangsefninu, tala saman um verkefnið og leysa það í sameiningu. Samskipti barnanna og gagnkvæm virðing eykst og þau læra að vinna saman á jafnréttisgrundvelli. Vandað er valið á tölvuleikjunum og einungis uppbyggilegir og þroskandi leikir í boði fyrir börnin og má þar helst nefna reiknileiki, tekniforrit og þrautaleiki ýmiss konar.

Markmið:

- *Að börnin fái tækifæri til að afla sér þekkingar á internetinu með aðstoð hins fullorðna og efli þannig frumkvæði, forvitni og athafnaþrá sína*
- *Að þjálfra samhæfingu augna og handa, þjálfra minni og skynjun*
- *Að efla fínhyrfingar og hugmyndaflug, læsi*
- *Að efla samskipti, samvinnu, og virðingu hjá börnunum*

Ljósaborð

Í Vísdomsstundum geta börnin unnið á ljósaborði. Þau leika með bókstafi, laufblöð, efni og til þess gerða formkubba sem ljósið fer í gegnum. Þau fara út í náttúruna og koma með hluti og smádyr sem þau finna þar og skoða á ljósaborðinu. Þarna fer fram skemmtileg

rannsóknarvinna hjá börnunum og oft miklar umræður milli þeirra um það sem þau sjá og uppgötva við rannsóknarvinnuna.



Útikennsla – námsferðir

Þegar Vísdomsstundunum hefur verið slitið að vori og þar til elstu börnin hætta í leikskólanum ýmist um sumarfrí eða seinni partinn í ágúst fara þau í útikennslu/námsferðir. Þá fer nánast allt starf þeirra fram utan veggja leikskólans. Börnin hafa t.d. farið í heimsóknir á skólalóðir þeirra grunnskóla sem þau fara í þegar leikskólagöngunni líkur að vori/hausti eða fara hvert heim til annars. Söfn og aðrar fræðslustofnanir eru heimsóttar, farið er í fjölskyldu- og húsdýragarðinn, á Árbæjarsafn og víðar. Stundum er farið út í náttúruna og er t.d. Elliðaárdalurinn vel til þess fallinn að rannsaka upplifa og njóta.

Smíðaverkstæði er sett á laggirnar á leiksvæði borgarinnar við hliðina á leikskólanum, þar geta börnin neglt og smíðað. Á fótbotlavellinum fá verðandi fótboltahetjur að æfa sig að vild. Hjóladaðar eru vinsælir en þá er Breiðholtið kannað hátt og lágt. Börnin gróðursetja blóm eða kryddjurtir í potta sem þau fara með heim um sumarfrí.



Markmið:

- *Að auðga vísýni barnanna og kynna þeim söfn og merka staði í borginni okkar*
- *Að gefa börnunum tækifæri til að fara á gróðursæla óbyggða staði og njóta náttúrunnar*



Slökkviliðið í heimsókn

Slökkviliðið kemur í heimsókn á sjúkra- eða slökkviliðsbíl á hverju ári. Börnin fara út og skoða þennan merkilega bíl. Slökkviliðsmennirnir eru natnir við að sýna börnunum bílinn og segja þeim frá hvernig hann virkar. Þeir fara yfir eldvarnarbúnað leikskólans og biðja börnin að vera aðstoðarmenn sína og fylgjast með brunaboðum, neyðarljósum, og útgönguleiðum í leikskólanum. Slökkviliðsmennirnir fara í reykkaфарabúning, þeir fara yfir eldhættur sem geta orðið af kertaljósum og öðrum opnum eldi. Þeir segja börnunum frá eldvörnum og hvert á að hringja ef eldsvoða eða slys ber að höndum þ.e. 112 eða einn einn tveir.

Markmið:

- *Að gera börnin meðvituð um mikilvægi eldvarnabúnaðar leikskólans*
- *Að kenna börnunum neyðarnúmerið 112 og mikilvægi þess að hringja í neyð*

Aðstoðarmaður slökkviliðsins

Á Töfrasteini skiptast fimm ára börnin á með það hlutverk að vera aðstoðarmenn slökkviliðsins einu sinni í hverjum mánuði. Sú ábyrgð felst í því að börnin klæðast vestum merktum slökkviliðinu, þau ganga um skólann með einum fullorðnum til að skoða brunaboða, brunaljós og flóttaleiðir í leikskólanum. Skráð er niður með aðstoð hins fullorðna hverju er ábótavant t.d. hvort vanti perur í neyðarljós eða rafhlöður í brunaboða. Hinn fullorðni skiptir um þær ljósaperur eða rafhlöður sem þarf með aðstoð barnanna. Þessi vinna vekur börnin til umhugsunar um mikilvægi brunavarna auk þess sem þau flytja þekkingu sína með sér heim.



Markmið:

- *Að vekja elstu börnin til umhugsunar um mikilvægi eldvarna*
- *Að kenna börnunum að bregðast við eldi og þekkja flóttaleiðir*

Umferðarskólinn

Starfsmenn umferðarskólans koma í leikskólann á hverju vori og fara yfir umferðarreglurnar með elstu börnunum í leikskólanum, hvernig á að fara yfir götu, hvar eru örugg leiksvæði, hvað mega börnin vera lengi úti á kvöldin og annað slíkt. Börnin fá verkefni til að fara með heim og vinna með pabba og mömmu.

Markmið:

- *Að börnin verði meðvituð um hættur í umferðinni*
- *Að kenna börnunum umferðarreglurnar*

Veðurfræðingur

Áður en börnin fara út að leika sér á Töfrasteini eru tvö börn í einu svokallaðir veðurfræðingar. Þau líta til veðurs og athuga hvernig veðrið er þann daginn eða þá stundina. Síðan finna börnin myndir sem einkenna veður dagsins og myndir af fötum sem æskilegt er að fara í fyrir þá sem ætla út. Myndirnar festa börnin á tilheyrandi spjald sem er sett fram í skálann. Þá geta börnin litið á spjaldið þegar þau klæða sig til að fara út og þurfa ekki alltaf að spyrja: „Í hvað á að fara?“ Þarna öðlast börnin aukinn orðaforða um veðurfar og læra að nota orðin t.d. logn, hvassviðri, rok, stormur, gola, hægur vindur, slydda, snjókoma, hundslappa-drífa, rigningarúði, hellirigning, heiðskýrt, skýjað, léttskýjað, alskýjað, blíða og margt, margt fleira. Þetta vekur börnin til umhugsunar um það hvernig veðurfar er á Íslandi og þau læra auk þess að klæða sig eftir veðri.



Markmið:

- *Að börnin læri að klæða sig eftir veðri*
- *Að börnin læri orð sem tengjast veðri*

10 Skimanir og matslistar

Hljóm2

Hljóm2 er skimunartæki til athugunar á hljóð- og málvitund leikskólabarna á aldrinum 4,9-6,1 árs. Hljóm2 er lagt fyrir börnin á síðasta leikskólaárinu að hausti (í september). Börn á þessum aldri eru yfirleitt búin að ná góðum tókum á móðurmálinu. Þau eru upptekin af að ríma á þessum aldri og er það einn af undirstöðuþáttum lestrarnáms. Ef niðurstaða er slök úr Hljóm2 skimuninni er hún lögð fyrir börnin aftur í janúar/febrúar. Mjög slök færni getur gefið til kynna örðugleika við að læra að lesa, lesblindu eða aðra námsörðugleika. Ef leikskólakennarar grípa inn í og þjálfa börnin í hljóð- og málvitund getur það hjálpað þeim mikið fyrir grunnskólagönguna.

Athugun á Hljóm2 felur í sér:

- *Rím (orð sem ríma)*
- *Samstöfur (klappa atkvæðin í orðunum)*
- *Hljóðgreining (hlusta eftir ákveðnu hljóði í orði sem sagt er)*
- *Samsett orð (setja saman tvö orð svo úr verður eitt)*
- *Margræð orð (sama orðið yfir fleiri en einn hlut).*
- *Orðhlutaeyðing (taka hluta af orði svo úr verða tvö orð)*
- *Hljóðtenging (tengja hljóðin saman svo úr verður orð)*

Að skimun lokinni er foreldrum kynntar niðurstöður og bent á leiðir sem hjálpa barninu og gerð grein fyrir markvissri málörvun.

EFI2

EFI2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Með EFI2 er verið að leita að börnum með hugsanlega málörðugleika sem hægt er að bæta úr með snemmtækri íhlutun.

Tras

Tras er skimunarlisti til að kanna hvar börn á aldrinum 2ja til 5 ára standa í málþroska.

AEPS

AEPS er listi fyrir leikskólakennara til lað fylla í ef áhuggjur vakna vegna þroska barna. AEPS spannar þroska barna frá fæðingu til loka leikskólagöngu. Með notkun AEPS geta leikskólakennarar séð hvaða þætti þeir þurfa að leggja áherslu á að þjálfa hjá börnunum og listinn auðveldar leikskólakennurum að gera einstaklingsnámskrár.

Íslenski þroskalistinn

Íslenski þroskalistinn metur gróf- og fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun, tal og nám, 3ja til 6 ára gamalla barna.

Smábarnalistinn

Smábarnalistinn metur mál og hreyfiþroska ungbarna 15 til 38 mánaða.

11 Börn af erlendum uppruna

Eins og áður hefur komið fram er leikskólinn fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskólanum eru börn frá ólíkum menningarheimum. Þau þurfa að samlagast sínum nýja menningarheimi en þurfa jafnframt að fá að halda í og njóta sérstöðu sinnar og þeirrar menningar sem þau koma úr. Leitast er við að hvert einstakt barn fái við viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Mikið er lagt upp úr að börn af erlendum uppruna læri íslenskuna og geti þannig tekið virkan þátt í íslensku samfélagi.

12 Skóli fyrir alla.

Börn með frávík í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum þar að lútandi. Meginreglan er að sérkennslan fari fram í hópnum með öðrum börnum að svo miklu leyti sem það er hægt. Leikskólakennarar bera ábyrgð á því að gerðar séu áætlanir vegna barna með sérþarfir og að þeim sé framfylgt.

Mikilvægt er að styðja barnið þannig að það geti notið leikskólavalar sinnar og að skapa aðstöðu til að barnið geti þroskast sem best á eigin forsendum í gegnum leikinn. Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi af því eru gerðar ráðstafanir sem hægt er að gera innan ramma leikskólastarfsins. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða er í samráði við foreldra barnsins kallaður til sérkennslufulltrúi til frekari ráðgjafar.

13 Sérkennsla

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Börnin eru mismunandi hvað varðar reynslu og þroska og þau koma frá mismunandi menningarheimum. Börn með fötlun fá þá þjónustu og örvun sem þeim ber bæði í barnahópnum og fyrir utan hann eftir því nauðsynlegt er hverju sinni. Leikskólastjóri hefur yfirumsjón með skipulagningu starfsins með fötludum börnum í leikskólanum í samvinnu við deildarstjóra, stuðningsaðila, foreldra og sérfræðiteymi í Þjónustumiðstöð í Mjódd og á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Reglulega eru haldnir teymisfundir í leikskólanum með öllum þeim aðilum sem koma að málum barnanna hverju sinni. Þannig næst betri yfirsýn yfir stöðu barnanna og auðveldar það leikskólanum og foreldrum að skipuleggja betur áhersluþætti í starfinu með þeim.

Leikskólakennarar fá ráðgjöf frá sérfræðingum um einstök börn sem þurfa á aðstoð og stuðningi að halda í leikskólanum. Foreldrar fylla út þroskalista sem leikskólastjóri les úr. Foreldrarnir koma síðan á fund í leikskólanum þar sem farið er yfir niðurstöðurnar og tekin ákvörðun um framhaldið. Eins koma sérfræðingar og fylgjast með leik og starfi þeirra barna sem eiga við hegðunar- eða félagslegan vanda að stríða. Þessi samráð hjálpa leikskólakennurunum að vinna með börnunum þannig að betri árangur náist.

Börn sem þurfa á málörvun að halda vegna málþroska, framburðargalla eða hljóðgalla fá æfingar og þjálfun í barnahópnum en sé um stærri vandamál að ræða eru börnin tekin út úr starfinu og þjálfuð sérstaklega eða þeim er beint til talkennara. Gott samstarf foreldra og leikskólans er undirstaða þess að vel gangi.

14 Daglegt líf í leikskóla

Eins og fram hefur komið fléttast grunnþættir menntunar inn í daglegt líf og leiki barnanna. Borðhald, hvíld, hreinlæti og að klæða sig úr og í eru mikilvægir þættir í námi barnanna. Börnin hjálpa sér sjálf eftir því sem þroski þeirra og geta leyfa, það eykur sjálfstæði þeirra og styrk. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnanna.

Dagskipulag

Dagskipulag leikskólans, sem þó er sveigjanlegt, gefur starfinu ákveðna festu. Dagskipulagið er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri og veitir hverju barni öryggi. Lögð er mjög mikil áhersla á að taka vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið og mikilvægt í leikskólanum. Börnin þurfa að upplifa öryggi og það viðmót sem þau mæta getur haft úrslitapýðingu varðandi góð samskipti vellíðan og tengsl.

Matartímar og borðhald

Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi. Mikil áhersla er lögð á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Matseðilinn er að finna á heimasíðu skólans. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Þar gefst tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna t.d. um hollustu, tannhirðu og fleira. Starfsfólk matast með börnunum og áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði. Börnin skiptast á að hjálpa til við að leggja á borð. Börnin skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt og ganga frá. Yngstu börnin hjálpa sér sjálf eftir því sem þroski þeirra og geta leyfir. Þetta er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfsbjargar.

Þróunarverkefni í tannvernd barnanna

Þróunarverkefni í leikskólum hverfisins um tannheilsu leikskólabarna hefur staðið yfir í nokkur ár. Verkefnið er unnið í samvinnu við Lýðheilsustöð og heldur Hólmfríður Guðmundsdóttir tannlæknir utan um starfið og stjórnar því. Þróunarverkefnið felst í því að stuðla að heilbrigði í tannheilsu barna. Tannlæknir kemur í skólana og skimar tennur barnanna til að kanna ástand þeirra. Þetta er að sjálfsögðu með vitund foreldra og þeim kynnt ástand tanna sinna barna. Foreldrar fá ráðleggingar hjá tannlækninum um hvernig þarf að bregðast við skemmdum tönnum og hvernig best er að halda þeim heilbrigðum með góðri tannhirðu og hollu fæði. Tennur barnanna eru burstaðar eftir hádegisverðinn í leikskólanum.

Hvíld og nægur reglubundinn svefn

Hvíld og nægur reglubundinn svefn er öllum börnum nauðsynlegur til að geta viðhaldið andlegri og líkamlegri heilsu og vellíðan og tekist á við lífið og leikinn. Lögð er áhersla á kyrrlátan hvíldartíma á degi hverjum þar sem yngstu börnin sofna en þau eldri hlusta á sögu eða eiga rólega stund með leikskólakennaranum sínum. Á hverri deild eru notaleg bókahorn. Börnin á eldri deildum skólans sem fara ekki í hvíld eftir hádegisverðinn geta

hjúfrað sig í bókahornin í skólanum ef þau vilja draga sig út úr erli líðandi stundar, gripið bók í hönd eða slakað á eftir matmálstíma.

Hreinlæti

Hreinlæti er liður í uppeldisstarfinu og er börnunum hjálpað við að tileinka sér góðar venjur s.s. að þvo hendur fyrir máltíðir, eftir útiveru og salernisnotkun. Þannig þroska börnin með sér heilbriggt viðhorf til líkama síns og umhirðu.

Frágangur og snyrtimennska

Frágangur og snyrtimennska er hluti af uppeldi og menntun barna. Börnin eru þátt-takendur í undirbúning fyrir ýmis verkefni sem og frágangi á þeim. Lögð er áhersla á að þau læri að ganga frá þeim leikföngum og efnivið sem þau eru að vinna með hverju sinni.

Að klæða sig úr og í

Að klæða sig úr og í er þáttur í námi barnanna í leikskólanum. Börnin eru hvött til að klæða sig í og úr eftir getu og þroska og ganga frá fatnaði sínum, það eykur sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfsmyndina.

Mæting

Mikilvægt er að börnin mæti snemma dags vegna þess að leikfélagatengsl myndast strax í byrjun dagsins. Börnin mynda betri vinatengsl við þau börn sem eru mætt á sama tíma og þau sjálf og þessi tengsl haldast út daginn. Því er auðveldara að mynda tengsl þegar börnin mæta snemma dags en þegar þau mæta seinna um daginn því börnin velja sér leikfélaga fyrir daginn í upphafi dagsins.

15 Hefðir og hátíðir

Setning Vísdomsstundanna

Setning vísdomsstundanna fer fram í byrjun september. Foreldrum barna, sem taka þátt í vísdomsstundum, er boðið að koma og vera viðstaddir setninguna. Námsgögn og tilhögun stundanna er kynnt og stundirnar formlega settar. Foreldrum og börnum er boðið upp á ávaxta- og grænmetishressingu, vatn og kaffisopa. Að því loknu byrja börnin í fyrstu vísdomsstund vetrarins en foreldrarnir halda aftur til sinna starfa.

Dagur leikskólans

Á degi leikskólans er sett upp flæði fyrir börnin í leikskólanum. Ákveðin viðfangsefni eru í hverri stofu þannig að sem mestur fjölbreytileiki sé á svæðunum í flæðinu. Einn til tveir srarfsmenn eru á hverju leiksvæði til að aðstoða börnin þegar þau fara á milli svæða en þau geta farið á milli að vild.

Alþjóðlegi bangsadagurinn – Náttfataball

Náttfataball er haldið á alþjóðlega bangsadeiginum. Allir koma með náttfötin sín (eða í þeim) í leikskólann og klæðast þeim fyrir dansleikinn. Börnunum er skipt í hópa og hver hópur sýnir skemmtiatriði sem þau hafa æft fyrir þetta tilefni. Að lokum er dansað af hjartans list. Litlu börnin á Álfasteini dansa saman meðan Dvergasteinn og Völusteinn sameinast með náttfataball og Töfrasteinn heldur sitt náttfataball.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Dagurinn er haldinn hátíðlegur ár hvert á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar þann 16. nóvember. Menntamála- og menningarmálaráðuneytið hefur beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það. Með því móti beinist athygli þjóðarinnar að stöðu tungunnar, gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menningu.

Í Vinnaminni læra börnin vísur eftir Jónas Hallgrímsson. Leikið er með vísuna, eins og t.d. fatavísur, og hún gerð sjónræn með því að hengja upp öll þau fót sem koma fram í vísunni.

Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka nýta
húfutetur, hálsklút þó
háleistana hvíta.



Desember

Í desember er stuðlað að því að jólastemning sé ríkjandi í skólanum jafnt og rólegheit. Í lok nóvember býður foreldrafélagið börnunum upp á að sjá jólaleikrit þar sem leikhópur kemur með sýningu inn í leikskólann. Jólátrésskemmtun með börnum, foreldrum og starfsfólki er haldin þegar nær dregur jólum. Í hádeginu þann dag er jólamatur. Börn og starfsfólk Dverga- Völu- og Töfrasteins fara í Fella- og Hólakirkju fyrir jólin, og hlusta á jólaboðskapinn.

Lögð er áhersla á að jólagjafaundirbúningur sé að mestu búinn í byrjun desember svo börnin finni minna fyrir jólastressinu á leikskólatíma.

Þorablót

Í byrjun þorra er haldið þorablót þar sem snæddur er hefðbundinn íslenskur þorramatur. Börnin eru hvött til að smakka sem flestar tegundir af þorramatnum. Það er nauðsynlegt fyrir börnin að kynna gamalli íslenskri matarmenningu. Börnin hanna og búa til víkingahatta sem þau skarta á þorablótinu auk þess sem þau koma í þjóðlegum fötum eins og t.d. lopapeysu, ullarsokkum o.þ.h.

Bolludagur, sprengidagur, öskudagur

Börnin borða bollur á bolludaginn. Á sprengidaginn gæða sér allir á saltkjöti og baunum. Öskudagur rennur síðan upp með mikilli tilhlökkun þegar allir sem vilja klæðast furðufötum, eru málaðir í framan og kötturinn er sleginn úr tunnunni. Síðan stíga börn og

starfsfólk villtan dans meðan kraftar endast. Þessir dagar eru íslenskir menningarviðburðir sem nauðsynlegt er að leyfa börnunum að kynna og halda við.



Páskaeggjaleit

Í vikunni fyrir páska fer fram mikil páskaeggjaleit í leikskólanum. Börnin stór og smá hafa í vikunum á undan búið til fullt, fullt af pappamassaeggjum og málað þau í öllum regnbogans litum.

Þann dag sem páskaeggjaleitin fer fram eru eggin falin út um allan skóla. Síðan fara börnin af tveimum elstu deildunum (3ja til 6 ára gömul börn) og hjálpa litlu börnunum (eins til tveggja ára gömlum börnum) að finna eggin á þeirra deildum. Stóru systkinin hjálpa litla bróður, litlu systur eða frændsystkininu að finna egg og stóri vinur hjálpar litla vini sínum að finna egg. Þegar eggjaleitinni er lokið á yngri deildunum afhenda stóru börnin litla vini sínum skrautpáskaegg og litlu börnin fá að velja sér eitt pappamassaegg til að hengja á páskagreinina sína sem þau hafa þegar náð í úti í náttúrunni.

Síðan fara „stóru“ börnin inn á sínar deildir og leita að eggjum fyrir sig. Það er svo merkilegt að felustaðirnir eru miklu erfiðari á eldri deildunum en þeim yngri. Þegar búið er að finna öll eggin (eggin eru talin og ef það vantar egg fara börnin aftur af stað að leita) velja börnin sér egg og fá líka skrautegg til að hengja á páskagrein sem þau fara með heim fyrir páskana.

Þetta er skemmtilegur leikur sem eflir vinarþel meðal barnanna og gleði skín úr hverju andliti.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Á hverju skólaári er elstu börnunum í Vinaminni boðið á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu. Börn og starfsmenn fara í strætisvagni á tónleikana. Á leiðinni gefst gott tækifæri til að ræða um umhverfið, merk hús, sjóinn, fjöllin, gróðurinn og annað sem fyrir augun ber. Tónleikarnir hrífa börnin upp á æðra plan þau fylgja tónlistinni og dansinum eftir og virkilega njóta.

Vísðómsstundaslit

Á vorin þegar vetrarstarfinu lýkur er vísðómsstundunum slitið formlega. Börnin gista í leikskólanum og haldin er kvöldvaka fyrir svefninn. Daginn eftir er foreldrum útskriftarnemenda boðið að koma og vera viðstaddir vísðómsstundaslitin. Börnin sýna foreldrum sínum afrakstur skólafarfa nýliðins skólaárs. Að því búnu fá þau afhenta söguna sína og viðurkenningu fyrir að hafa tekið þátt í vísðómsstundum síðastliðins skólaárs. Að lokum er vísðómsstundunum slitið og börnin bjóða foreldrum sínum upp á veitingar í tilefni fyrstu útskriftarinnar.

Hópastarfaslit

Hópastarfinu er slitið þegar vetrarstarfinu lýkur. Börn og starfsfólk koma saman í skólastofu. Hver hópastarfaþópur treður upp með sínum leikskólakennara. Hópurinn syngur hópalagið sitt og börnin fá afhentar möppurnar sínar með verkefnum vetrarins.

Opið hús

Einn laugardag í maí kl. 11:00-13:00 er *opið hús* í Vinaminni og öllum velunnurum barnanna er boðið að koma og skoða vetrarstarf þeirra í máli og myndum.

Íþróttadagar að vori

Á vorin eru íþróttadagar í leikskólanum. Farið er í skipulagða íþróttaleiki og gömlu góðu hringleikina. Síðasti dagurinn er gulleitardagur, börnin leita að gulli sem hefur verið komið fyrir úti í garði fyrir yngstu börnin og á svæðinu fyrir utan garðinn fyrir eldri börnin. Í lok gulleitardagsins er börnunum afhentar heimagerðar medaljur fyrir þátttöku á íþróttadögum.

Hjóladagar

Á sumrin eru hjóladagar. Ein deild í einu er með hjóladag. Börn og starfsfólk koma með hjólin sín og hjálmana í leikskólann og farið er í stuttar hjólaferðir um nágrenni leikskólans.

Brúðubíllinn

Á sumrin er farið á skemmtun brúðubílsins þegar hann er í næsta nágrenni við leikskólann.

Sumarhátíð

Í síðustu vikunni fyrir sumarfrí er haldin sumarhátíð í samvinnu við foreldrafélagið. Leigðir eru „hoppukastalar“ og garðurinn skreyttur með blöðrum og veifum sem börnin hafa útbúið. Börnin syngja fyrir foreldra og gesti og vaskir foreldrar troða upp með

leiksýningu. Börn, foreldrar og starfsfólk skemmta sér saman hluta úr degi fyrir sumarfríð, leika, spjalla og borða grillaðar pylsur og kjúkling.

Afmælis dagar

Afmælisdagur er stór dagur í lífi hvers barns. Börnin geta komið með ávexti og aðra hollustu í leikskólann á afmælisdaginn og er það foreldra og barns að ákveða hvað er komið með. Þennan dag fær afmælisbarnið að vera í brennidepli, sunginn er afmælis-söngur, afmælisbarnið fær kórónu og dagurinn gerður eftirminnilegur. Þegar börnin eru komin á síðasta ár eru þau farin að bjóða vinum sínum heim í afmælið sitt. Sú regla hefur skapast í gegnum tíðina að bjóða annað hvort öllum drengjum eða öllum stúlkum úr árganginum eða öllum árganginum. Einnig þurfa foreldra að hafa samband utan leikskólans við foreldra þeirra barna sem er boðið í afmælið. Þetta kemur í veg fyrir að börnin sem ekki eru að fara í afmælið verði sár og leið og finnist þau skilin útundan í hópnum.



16 Foreldrasamvinna

Samstarf foreldra og leikskóla

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl barnsins í leikskólanum og góðri líðan þess. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og opnum samskiptum. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og taka þátt í starfinu.

Markmið:

- *Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans*
- *Að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum*
- *Að afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra*
- *Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans*
- *Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna*
- *Að skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna*

Aðlögun

Foreldrar eru boðaðir á fund í leikskólann áður en barnið byrjar í leikskólanum þar sem leikskólastjóri kynnir leikskólann og starfsemi hans fyrir foreldrum. Kynnt eru markmið og leiðir leikskólans, leiksvæði og starfsfólk. Foreldrar fá þá einnig upplýsingar um

foreldrafélagið og starfsemi þess og þeir veita þær upplýsingar um barnið sem nauðsynlegt er að starfsfólk leikskólans viti um.

Aðlögun barna fer þannig fram að leikskólakennari tekur á móti barninu og er með það í aðlögun þann tíma sem þarf til að barnið nái öryggi í leikskólanum. Fyrsti dagurinn er heimsókn þar sem barnið kemur með foreldri/foreldrum og dvelur aðeins í klukkustund. Síðan fer það eftir einstaklingunum hversu langan tíma aðlögunin tekur og hve lengi foreldrar þurfa að vera með barninu. Lögð er áhersla á að aðlögunin fari rólega fram og barnið sé aldrei svo lengi í leikskólanum í einu að það verði órólegt og þreytt. Mikilvægt er að barnið fari ánægt heim á hverjum degi og hlakki til að koma í leikskólann næsta dag.

Aðlögun milli deilda

Þegar börnin færast á milli deilda fer fram aðlögunarferli. Aðlögunin fer að miklu leyti fram eins og þegar börnin byrja í leikskólanum en nú taka foreldrar ekki þátt í aðlöguninni. Starfsmaður deildarinnar fylgir barninu yfir á næstu deild og er með því þar meðan barnið er að öðlast öryggi á nýju deildinni. Byrjað er á heimsókn part úr degi og síðan lengist dvölin smátt og smátt þar til barnið hefur náð öryggi er sátt og vill vera eftir í leik.

Morgunverður með foreldrum

Foreldrum og börnum er boðið að borða saman morgunverð í leikskólanum á föstudagsmorgnum. Í boði er hafragrautur, brauð með ýmiss konar áleggi, kaffi og mjólk. Þetta er engin skylda en foreldrar geta komið þá föstudagsmorgna sem hentar þeim. Morgunverðurinn er í boði frá kl. 07:30 til kl. 09:00. Það er gaman að segja frá því hvað þetta hefur fengið góðar undirtektir hjá foreldrum og starfsmönnum. Samskipti foreldra og starfsfólks hafa eflst mikið. Þetta er kærkominn vettvangur til að spjalla smá stund um daginn og veginn. Foreldrar kynnast öðrum foreldrum og segja má að í Vinaminni ríki afslappað andrúmsloft og trúnaðartraust milli starfsfólks og foreldra.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun er gerð annað hvert ár í leikskólum borgarinnar og taka foreldrar barnanna í Vinaminni þátt í þeim könnunum.

Dagleg samskipti

Það gefst auðveldlega kostur á daglegum samskiptum við foreldra í leikskólanum. Foreldrar koma inn á deildina með barni sínu á morgnana, þá geta þeir rætt við deildarstjóra barnsins ef þeir þurfa að koma skilaboðum til hans um t.d. hvernig barnið svaf um nóttina eða annað sem foreldrum finnst mikilvægt að komist til skila til deildarstjórans. Foreldrar og starfsfólk spjalla saman þegar börnin eru sótt í skólann þá geta foreldrar fengið vitneskju um hvernig dagurinn gekk hjá barninu. Þessi óformlegu daglegu samskipti eru nauðsynleg til að efla gott samstarf milli heimilis og leikskóla svo foreldrum og barni líði vel.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru einu sinni til tvisvar á ári og fara fram í september og febrúar. Foreldrar fá nána vitneskju um hvernig barnið stendur í hinum alhliða þroska í leikskólanum, hvernig barninu líður í barnahópnum, á það einhverja vini, hvernig er

málþroskinn, vitsmunaprósinn, hreyfiþroskinn o.s.frv. Hér fá foreldrar líka að vita hvaða viðfangsefni fangar barnið, hvað það velur á val tímanum, hvort fjölbreytni er í vali barnsins eða velur það oft sömu leiksvæði og sömu viðfangsefni. Auk þessara föstu viðtala geta foreldrar fengið viðtal við leikskólakennara barnsins síns eða leikskólastjóra eftir þörfum, og leikskólakennarar boða foreldra í viðtöl ef þörf er á.

Foreldrafélag

Starfandi er mjög öflugt foreldrafélag í leikskólanum. Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir börnin, ýmist inni í leikskólanum eða utan hans. Má þar helst nefna leiksýningar, þá fyrri í desember og aðra að vori og sveitaferð í maí. Foreldrafélagið og leikskólinn halda sameiginlega jólaball í desember og sumarhátíð í síðustu vikunni fyrir sumarfrí.

Markmið foreldrafélagsins:

- *Að efla samskipti foreldra við skólann*
- *Að stuðla að fræðslu til foreldra*
- *Að veita stjórnendum skólans stuðning og aðhald við rekstur hans*
- *Að efla tengsl barna og foreldra*

Foreldraráð

Foreldraráð skipa foreldrar úr foreldrafélaginu. Foreldraráð starfar fyrir foreldrafélagið og tekur ákvarðanir um þau mál sem snúa að foreldrum. Í foreldraráðinu starfa fimm fulltrúar foreldra og einn fulltrúi starfsmanna leikskólans. Kosið er í stjórn félagsins árlega á foreldrafundi að hausti.

Fundir foreldraráðsins – „Vinaminnisblað“

Foreldraráðið heldur fundi 2-3 sinnum á ári og skipuleggur störf félagsins.

Foreldraráðið gefur út „Vinaminnisblað“, fréttabréf foreldrafélagsins, á haustönn og vorönn ár hvert. Vinaminnisblaðið færir foreldrum upplýsingar um starfið í leikskólanum og hvað er á döfinni hjá foreldrafélaginu.

17 Ýmsir viðburðir á vegum foreldrafélagsins

Leiksýningar

Foreldrafélagið býður börnunum að sjá jólaleikskýningu í lok nóvember í leikskólanum og aðra sýningu á vorönn. Þetta kennir börnunum að meta menningu og listir auk þess sem þetta er yndisleg skemmtun fyrir börnin og brýtur upp daglegt starf leikskólans.



Jólaball

Jólaballið er haldið í Danshöllinni í Drafnarfelli og stendur leikskólinn og foreldrafélagið að skemmtuninni. Húsið opnar kl 8:30. Börnum, foreldrum og starfsmönnum er boðið upp á heitt súkkulaði, flatkökur með hangikjöti og piparkökur. Kl. 9:00 hefst dansleikurinn undir styrkri stjórn aðila frá jólasveinabjónustu Skyrgáms. Jólasveinarnir koma, dansa, syngja, sprella og leika með börnunum auk þess sem þessir kátu karlar koma með glaðning í poka sínum fyrir þau.

Upp úr kl: 10:00 er jólaballið búið og foreldrar fylgja börnum sínum í leikskólann.

Vorferð

Á vorin þegar tími sauðburðar er, fara börn, foreldrar og starfsfólk saman í sveitina til að komast í nána snertingu við dýrin stór og smá. Eftir að hafa fengið að elta köttinn, strjúka hundinum og halda á lömbunum, mjólka kúna og fara á bak hestinum á bænum er eins gott að ungvíðið fái eitthvað gott í svanginn. Snarað er á grillið góðgæti sem rennur ljúflega í svanga maga en þreyttir ferðalangar sofna allir á heimleiðinni.

Sumarhátíð

Í næstsíðustu viku fyrir sumarfrí er haldin vegleg sumarhátíð í samvinnu við leikskólann. Leigðir eru „hoppukastalar“ og garðurinn skreyttur með blöðrum og skrauti sem börnin hafa útbúið. Börnin syngja fyrir foreldra og gesti og vaskir foreldrar troða upp með leiksýningu. Börn, foreldrar og starfsfólk skemmta sér saman hluta úr degi fyrir sumarfríð, leika, spjalla og borða grillaðar pylsur og kjúkling.

18 Samstarf við grunnskóla

Á árum áður átti leikskólinn Vinaminni þó nokkuð samstarf við Fellaskóla en þá var fimm ára gömlu börnunum í leikskólanum boðið í skólaheimsóknir þangað á vorin. Nú er aðeins börnum sem eru verðandi nemendur í Fellaskóla boðið í heimsókn þangað, sem eru eitt til þrjú börn á ári. Önnur börn fara í heimsóknir í sína hverfis-skóla í samstarfi við leikskóla þess hverfis sem um ræðir. Mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með og hafi samband við hverfisleikskólann til að fá upplýsingar um heimsóknir.

Samstarf leikskólans við grunnskóla er ekki til staðar þar sem börnin koma úr mörgum hverfum Reykjavíkur og úr öðrum sveitarfélögum.

19 Starfsmannahópurinn

Í öllu starfi í leikskóla er starfsmannahópurinn mikilvægasta aflið. Starfsmannahópurinn þarf að vinna markvisst að þeim sameiginlegu markmiðum sem leikskólinn hefur sett sér. Leikskólakennararnir leiðbeina ófaglærðu starfsfólki á jákvæðan og viðurkennandi hátt þannig að það eflist og fái notið sín í starfi. Leikskólakennarar miðla af reynslu sinni til starfsfólks og kenna því fagleg vinnubrögð. Hver starfsmaður verður að fá að spreyta sig í starfi og leyfilegt er að gera mistök. Af mistökunum lærum við. Leggja þarf áherslu á að segja með viðurkennandi hætti ef einhverjum líkar ekki eitthvað, láta einnig í ljós það sem vel er gert. Hér er átt við markvissa uppbyggilega gagnrýni sem beinist að því að efla starfsemina. Öll samskipti, bæði barna og fullorðinna, skapa forsendur fyrir frekari þroska viðkomandi aðila.

Markmið:

- *Að hver og einn starfsmaður njóti sín í starfi*
- *Að stuðla að því að hver og einn starfsmaður fái að rækta sína sérhæfileika og sérþekkingu og efla þar með þroska sinn og sjálfstraust innan starfsmannahópsins og í starfi sínu með börnunum*
- *Að hvetja starfsfólk til að koma með eigin hugmyndir og gera því kleift að skipuleggja og framkvæma þær*
- *Efla samskiptin milli starfsfólksins*

Áætlun um menntun og fræðslu starfsólks

Starfsmenn fara á námskeið eftir því sem hentar og hægt er hverju sinni. Allir starfsmenn fara á námskeið í fyrstu slyshjálpi barna annað hvert ári. Ýmsar ráðstefnur og fyrirlestrar eru sótt af starfsmönnum og má þar til dæmis nefna ráðstefnu SSSK² sem er haldin einu sinni á ári með skemmtilegum og fræðandi fyrirlestrum.

Til að viðhalda góðum starfsanda og ánægju í starfi

Í Vinaminni er mjög góður starfsandi og gleði ríkjandi meðal starfsmanna. Starfsmenn eru duglegir að hittast utan vinnutíma og efla jákvæða samveru og kynningu. Fyrsta þriðjudag í mánuði er skipulögð samvera starfsmanna til að viðhalda góðum starfsanda. Yfir sumarið er reynt að nota útiveru og holla hreyfingu.

20 Fundir

Deildarfundir

Deildarfundir eru haldnir eftir þörfum en ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Leikskólakennari heldur fund með starfsfólki deildarinnar. Starfsfólk deildarinnar ræðir um starfið, börnin á deildinni og það sem er á döfinni í skólastarfinu næstu vikurnar. Hér fer fram endurmat á starfinu.

Leikskólakennarafundir/fagfundir

Leikskólakennarafundir eru einu sinni í mánuði eða eftir því sem þurfa þykir. Leikskólakennarar og leikskólastjóri halda fund og fara yfir starfið skipuleggja það og

² Samtök sjálfstæðra skóla.

gera endurbætur ef þurfa þykir (símat). Þar er farið yfir mál einstakra barna og teknar ákvarðanir þar að lútandi.

Starfsmannafundir

Starfsmannafundir með öllu starfsfólki leikskólans eru haldnir á skipulagsdögum. Einnig er fundað að loknum vinnudegi þegar þörf er á.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru að hausti. Foreldrar af einni deild í einu eru boðaðir á fund milli kl. 16:00 og 17:00 á meðan er boðið upp á gæslu fyrir börnin í leikskólanum. Leikskólakennarar kynna vetrarstarf barnanna fyrir foreldrum. Á þeim fundum kynnir foreldrafélagið starfsemi félagsins og kosið er í stjórn þess.

21 Stuðningur og ráðgjöf

Samráðsfundir með teymi Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og leikskólanum Vinaminni eru 4-6 yfir skólaárið. Leikskólakennararnir fá ráðgjöf frá sérfræðingunum um einstök börn sem þurfa á aðstoð og stuðningi að halda í leikskólanum.

Leikskólastjóri les úr þroskalistum sem foreldrar hafa fyllt út. Foreldrar koma á fundi með leikskólakennurum og leikskólastjóra og skoða niðurstöðurnar. Síðan er tekin ákvörðun um framhaldið. Eins koma sérfræðingar og fylgjast með leik og starfi þeirra barna sem eiga við hegðunar- eða félagsvanda að stríða. Þessi samráð hjálpa leikskólakennurunum að ákveða hvernig er best að vinna með börnunum sem eiga við vanda að stríða.

22 Matsaðferðir

Leikskólakennarar endurmeta starfið á leikskólakennarafundum og endurskipuleggja þá þætti sem þarf að bæta í leikskólanum. Að vori er vetrarstarfið endurmetið og umbætur gerðar um leið og starfið er skipulagt fyrir næsta skólaár.

Endurmat alls starfsfólks

Endurmat starfsfólks á starfi leikskólans fer fram á deildarfundum að voru. Þá eru allir þættir starfsins endurmetnir og tillögur gerðar að umbótum.

Mat elstu barnanna í leikskólanum

Að vori fer fram mat elstu barnanna í leikskólanum. Börnin eru spurð hvað þeim finnst skemmtilegt að gera í leikskólanum, hvað þeim finnst erfitt, hvað þau vildu hafa öðruvísi og þá hvernig.

Mat foreldra

Í foreldraviðtölum fáum við mat foreldra á leikskólastarfinu, hvað telja foreldrar megi betur fara í starfinu og hvað er vel gert. Þetta mat tökum við til viðmiðunar þegar starfið í leikskólanum er endurskipulagt.

Undirbúningstímar

Undirbúningstímum leikskólakennaranna er háttað þannig að hver leikskólakennari sér um að skipuleggja deildarstarfið þannig að hann komist í undirbúning á ákveðnum tíma. Ef undirbúningstími fellur niður af einhverjum ástæðum sjá leikskólakennarar til þess að geta bætt það upp þegar tími og aðstæður leyfa.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru tveir á ári og er leikskólinn þá lokaður. Fyrri skipulagsdagurinn er fyrsti virki dagur eftir sumarfrí hinn síðari er á vorönn. Á skipulagsdögum er meðal annars farið yfir mikilvæga þætti skólastarfsins með starfsfólkinu s.s. markmið og leiðir leikskólans, mikilvægi leiksins fyrir leikskólarnið, markmið hópstarfsins og vísdomsstundanna. Á þessum dögum koma líka fyrirlesarar með fyrirlestra sem nýtast starfsfólkinu í starfinu. SSSK stendur fyrir ráðstefnu á ári hverju með fræðandi fyrirlestrum fyrir starfsfólk og er skipulagsdagur leikskólans stundum tekinn á þeim degi en þá getur allt starfsfólk skólans farið á ráðstefnuna að lokinni vinnunni í leikskólanum. Starfsmannafundir eru haldnir utan vinnutíma þegar þarf.

23 Almennar upplýsingar

Leikskólagjöldin

Leikskólagjöldin eru greidd fyrirfram og er gjalddagi 6. hvers mánaðar.

Uppsagnarfrestur

Ef foreldrar segja upp leikskólaplássi fyrir barn sitt er uppsagnarfrestur einn mánuður og miðast uppsögnin við 15. eða lok hvers mánaðar.

Sumarleyfi

Leikskólinn er lokaður í einn mánuð á sumrin vegna sumarleyfa.

Aðfangadagur, gamlársgdagur

Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgdag.

Fjarvistir barna

Mikilvægt er að foreldrar tilkynni alltaf ef barnið mætir ekki í leikskólann hvort sem um veikindi eða annað er að ræða.

Lyfjagjöf

Ef barn þarf að taka lyf er nauðsynlegt að haga lyfjagjöf þannig að lyfin séu gefin börnunum heima. Aðeins astmalyf og lyf við bráðaofnæmi er leyfilegt að gefa börnunum í leikskólanum.